



## Ársskýrsla 2003



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN





# Ríkislögreglustjórinn

## Ársskýrsla 2003

---

Rekstur og starfsemi

Útgefandi: Ríkislögreglustjórnin

[www.rls.is](http://www.rls.is)

[www.logreglan.is](http://www.logreglan.is)

Ritstjóri: Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn

Umsjón: Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur

Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóra tóku saman upplýsingar, hver um sitt svið

Hönnun: Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu ehf.

Ljósmyndir: Foto.is sf./Július Sigurjónsson, Myndasafn ríkislögreglustjóra og Myndasafn Morgunblaðsins

Prentun: Svansprent ehf.

Útgefið í júlí 2004



## Efnisyfirlit

---

Aðfaraorð ríkislögreglustjóra .....	5
Svið 1 .....	7
Svið 2 .....	13
Svið 3.....	23
Svið 4.....	31
Svið 5.....	39
Viðauki 1 .....	49
Viðauki 2 .....	53

---





## Aðfaraorð ríkislögreglustjóra

**E**mbætti ríkislögreglustjóra hefur byggst upp á skömmum tíma. Brautryðjendastarf starfsmanna á hinum ýmsu sviðum löggæslumála hefur leitt til fagmannlegri lögreglu til hagsbóta fyrir almenning. Það hlýtur að vera eitt meginmarkmiða í starfsemi lögreglunnar.

Efnahagsbrotadeild hefur farið með umfangsmestu sakamál síðari tíma. Í deildinni starfa nú helstu sérfræðingar landsins í rannsókn og saksókn skatta- og efnahagsbrota. Reynt hefur á nýja löggjöf og breytt vinnubrögð. Frá árinu 1998 til ársins 2003 hefur ríkislögreglustjóri ákært í 224 sakamálum vegna skatta- og efnahagsbrota. Í þeim málum sem dómur liggur fyrir í var sakfelld í 95% tilvika. Það er svipað hlutfall og á hinum Norðurlöndunum. Sektor nema hundruðum milljóna króna. Eðli málsins samkvæmt taka slík sakamál nokkurn tíma og kalla á umtalsverðar fjárveitingar, en árangur embættisins er ótvíræður. Eitt hinna umfangsmeiri mála efnahagsbrotadeildar er svonefnt Baugsmál. Í september síðastliðnum lágu fyrir niðurstöður deildarinnar í ákveðnum rannsóknarþáttum málsins. Þær voru sendar skattrannsóknarstjóra ríkisins til meðferðar.

Lögreglan er ekki yfir gagnrýni hafin og starfsmenn hennar þurfa aðhald, bæði innan frá og utan. Slíkt aðhald á að vera málefnalegt og byggt á þekkingu. Ég hef ítrekað vakið athygli á ómaklegri og ómálefnalegri umfjöllun um lögregluna og starfsmenn hennar. Vera kann að lögreglan þurfi að taka ríkari þátt í opinberri umræðu en verið hefur til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, en oft er erfitt um vik vegna þagnarskyldu sem á starfsmönnum hvílir og trúnaðar við einstaklinga og málefni.

Starfsmenn lögreglu verða metnir af verkum sínum. Það er athyglisvert að fleiri bera nú traust til lögreglunnar en árið 1997, samkvæmt Þjóðarpúlsi Gallups. Á tímabilinu 1997 til 2004 er hlutfall þeirra sem segjast bera traust til lögreglu um 70%. Háskóli Íslands er eina stofnun samfélagsins sem fleiri segjast bera traust til. Þessi niðurstaða er þeim mun ánægjulegri þegar það er haft í huga að störf lögreglunnar eru tíðum umdeild. Vaxandi traust til lögreglu hin síðari ár hlýtur að vera starfsmönnum fagnaðarefni og hvatning til að standa undir væntingum.

Júlí 2004

Haraldur Johannessen  
ríkislögreglustjóri







**SVIÐ 1**

## Rekstur embættis ríkislögreglustjóra

Á síðasta ári jókst heildarrekstrarkostnaður embættisins um tæpar 19 milljónir króna. Munar þar mestu um aukinn launakostnað en starfsmönnum embættisins fjölgaði á árinu. Á sama tíma hefur kostnaður vegna ferða og funda, kaupa á rekstrarvörum, eignakaupa og kaupa á aðkeyptri þjónustu lækkað. Kostnaður vegna húsnæðis hefur aukist á tímabilinu. Stærsti hluti þessa kostnaðar er húsaleiga en á síðasta ári kom einnig til kostnaður vegna framkvæmda við húsnæði Fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar.

Tafla 1. Rekstrarkostnaður vegna embættis ríkislögreglustjóra frá 1998 til 2003

Gjaldaliðir	1998	1999	2000	2001	2002	2003
(allar tölur í þúsundum króna)						
Laun	150.192	216.529	277.332	328.734	418.182	465.163
Ferðir og fundir	12.688	30.375	41.974	45.398	51.827	46.052
Rekstrarvörur	6.570	10.942	15.943	15.929	26.691	18.531
Aðkeypt þjónusta	31.866	55.105	81.159	86.473	91.128	67.467
Húsnæði	6.132	24.514	52.364	32.490	43.307	81.888
Bifreiðar og vélar	2.867	354	156	81	14.672	12.911
Vextir, bætur, skattar	104	483	511	590	256	342
Eignakaup	6.050	5.384	59.991	23.416	44.721	16.003
Tilfærslur	0	512	468	678	1.079	2.223
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>216.469</b>	<b>344.198</b>	<b>529.898</b>	<b>533.789</b>	<b>691.863</b>	<b>710.580</b>
<b>Sértekjur samtals</b>	<b>-116</b>	<b>-19.342</b>	<b>-54.051</b>	<b>-18.866</b>	<b>-30.417</b>	<b>-29.699</b>
<b>Gjöld umfram sértekjur</b>	<b>216.353</b>	<b>324.856</b>	<b>475.847</b>	<b>514.923</b>	<b>661.446</b>	<b>680.881</b>

Eins og fram kemur í töflu 1 þá hefur kostnaður vegna eignakaupa lækkað nokkuð á síðustu árum. Á töflu 2 sést sundurliðaður kostnaður vegna eignakaupa 1998 til 2003. Þar kemur fram að kostnaður vegna kaupa á síma- og fjarskiptabúnaði hefur dregist verulega saman. Kostnaður vegna húsgagna og kaupa á ýmsum áhöldum og tækjum er einnig minni á síðasta ári en árið á undan.

Tafla 2. Sundurliðaður kostnaður vegna eignakaupa frá 1998 til 2003

**Sundurliðun helstu liða**

(allar tölur í þúsundum króna)	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Húsgögn	2.005	386	15.603	2.439	8.012	2.678
Tölvubúnaður	2.530	1.746	3.675	7.626	3.138	3.768
Sjónvörp	135	0	55	170	297	40
Síma- og fjarskiptabúnaður	606	1.613	21.588	7.660	9.128	457
Skrifstofuvélar	0	0	650	0	1.402	0
Eldhús- og ræstingaráhöld	0	0	131	0	0	87
Önnur áhöld og tæki	774	1.639	18.289	5.521	22.744	8.973
<b>Eignakaup samtals</b>	<b>6.050</b>	<b>5.384</b>	<b>59.991</b>	<b>23.416</b>	<b>44.721</b>	<b>16.003</b>

## Alþjóðadeild

Starfsemi alþjóðadeildar hefur aukist á síðustu árum, einkum vegna margháttaðra afskipta af erlendum ríkisborgurum, bæði hælisleitendum og brotámönnum. Það er því ánægjuefni að forystumenn alþjóðlegra lögreglustofnana, Interpol og Europol, og Schengen hafa vakið máls á nauðsyn samstarfs milli stofnananna. Til marks um aukið samstarf hefur Interpol veitt Europol aðgang að gagnagrunni stofnunarinnar.

### Interpol

Stofnunin leggur nú meiri áherslu á baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi, m.a. með nýrri tegund alþjóðlegra viðvarana þar sem sérstaklega er varað við nafngreindum hryðjuverkamönnum.

Á árinu var tekið í notkun nýtt fjarskiptakerfi stofnunarinnar, svonefnt I-24/7, sem byggist á dulkóðuðum sendingum um Internet. Með tilkomu þess er mun auðveldara en áður að senda viðhengi með skeytum milli aðildarlöndna, t.d. fingraför og myndir. Einn starfsmaður alþjóðadeildar sótti námskeið um notkun þessa nýja kerfis.

### Europol

Samstarf við Europol felst einkum í upplýsingaskiptum varðandi ýmis verkefni sem fjallað er um í alþjóðlegu samstarfi. Ísland er eina samstarfsland Europol sem ekki hefur þar starfandi tengilið en viðbúið er að samstarfið nýttist betur ef svo væri. Þess má geta að í skýrslu Europol um samskipti við aðildarlöndin á liðnu ári er sérstaklega tekið fram að magn og gæði upplýsinga sem berast frá Íslandi séu með miklum ágætum.

### Schengen/Sirene

Vegna væntanlegrar innkomu 10 nýrra ríkja í Evrópusambandið er unnið að endurnýjun Schengen-upplýsingakerfisins. Stefnir er að því að hið nýja kerfi nýtist betur til samskipta milli landa. Fjölbreyttari skráningar verða mögulegar, auk þess sem auðvelt verður að senda myndir og fingraför.

Áhersla er lögð á símenntun starfsmanna á Sirene-skrifstofum og sóttu m.a. tveir starfsmenn íslensku skrifstofunnar námskeið á síðasta ári.

## PTN

Um mitt ár 2003 tóku Finnar við formennsku PTN af Íslendingum og sjá þeir þar með um skipulag funda og rekstur samstarfsins næstu tvö árin.


Stöðugt er unnið að endurskoðun samnings um norræna lögreglusamvinnu og eru vararíkislögreglustjóri og lögreglustjórinn í Reykjavík fulltrúar Íslands í því starfi. Viðbúið er að á komandi árum verði breyting á PTN í þá veru að starfsemi þess tengist meira en verið hefur starfi Europol og Baltic Sea Task Force. Þess verður nú þegar vart að Danir stefna í þessa átt.

## Fræðsla

Starfsmenn alþjóðadeildar annast fræðslu um útlendingamálefni og Schengen-upplýsingakerfið í Lögregluskólanum, bæði í grunnnámi og á framhaldsnámskeiðum sem skólinn heldur.

## Eftirlit með útlendingum


Eftirlit með útlendingum verður sífellt viðameiri þáttur í starfsemi alþjóðadeildar. Er þar um að ræða aðstoð við Útlendingastofnun við að bera kennsl á hælisleitendur og hvort þeir eru þekktir í öðrum löndum sem aðild eiga að Dublinarsamningnum. Þar sem hælisleitendur eru oft án skilríkja getur verið erfitt að afla ferðaskilríkja fyrir einstaka hælisleitendur svo unnt sé að framfylgja úrskurði um brottvísun. Þá skiptir verulegu máli að brottvísun sé vel undirbúin og að skriflegs samþykkis hafi verið aflað frá þeim ríkjum sem veita þeim móttöku eða aðstoða við flutning.




Mynd 1. Fjöldi ferða og fjöldi einstaklinga sem fluttir voru til eða frá Íslandi á árunum 2000 til 2003

Árið 2003 voru farnar 35 ferðir með 50 einstaklinga til eða frá landinu (sjá mynd 1). Líkt og fyrri ár voru flestar ferðirnar vegna hælisleitenda eða 20, en 15 vegna refsímála.

Á mynd 2 sést kostnaður við ferðir með einstaklinga. Fram kemur að kostnaður jókst lítillega milli ára vegna refsímála en lækkaði vegna hælisleitenda.



Mynd 2. Kostnaður ríkislögreglustjóra við aðstoð og flutning útlendinga af landi brott og til Íslands á árunum 2000 til 2003



Mynd 3. Fjöldi hælisleitenda í málum sem komu til afgreiðslu ríkislögreglustjóra á árunum 2002 og 2003

Árið 2003 vann alþjóðadeild að málum 64 hælisleitenda sem er fækkun frá árinu á undan er þeir voru 95. Eins og fram kemur á mynd 3 komu flestir hælisleitendur til landsins yfir sumar- og haustmánuði 2002 og 2003 fyrir utan einn óvenjustóran hóp sem kom hingað til lands í apríl 2002.



## Smygl á fólki

Á síðustu árum hefur þeim málum fjölgað þar sem útlendingar reyna að komast hingað til lands, eða um Ísland til Bandaríkjanna, á fölsuðum skilríkjum. Í desember kom upp stærsta mál þeirrar tegundar en því tengdust alls átta Kínverjar og/eða Singaporebúar og einn Ástrali. Allir hlutu útlendingarnir fangelsisdóma og Hæstiréttur markaði þá stefnu að útlendingar skyldu í slíkum málum hljóta óskilorðsbundna dóma. Er það skynsamlegt þar sem skilorðsbundnir dómur yfir útlendingum hafa lítill sem engin almenn eða sérstök varnaðaráhrif. Engin leið er fyrir íslensk yfirvöld að framfylgja skilorðs-eftirliti með fólki sem vísað er úr landi.

Í þessu einstaka máli reyndi mjög á ýmis ákvæði nýrra laga um útlendinga, ekki síst á ákvæði um refsingar, rannsóknarúrræði og gæsluvarðhald. Gæslu var beitt í þágu rannsóknar þar til dómur gekk og einnig að lokinni afplánun vegna undirbúnings brottvísunar og þar til hún var framkvæmd. Ýmsum þessara lagaákvæða var beitt hér í fyrsta sinni. Fengin reynsla hefur kallað á nokkrar endurbætur á hinum nýju útlendinga-lögum.

## Pólskt þjófagengi á ferð um landið

Í febrúar voru fjórir Pólverjar dæmdir til fangelsisvistar en þeir höfðu ferðast um Suðurland og allt vestur á Snæfellsnes og brotist inn í sumarhús, bóndabæi og verslanir. Einn þeirra reyndist þekktur af afbrotum í nokkrum löndum og var eftirlýstur fyrir nauðgun, vopnasmýgl o.fl. í Póllandi. Hann var talinn hættulegur og hugsanlega vopnaður. Er það umhugsunarvert, bæði fyrir íbúa og lögreglumenn, að slíkt gengi skuli hafa ferðast hér um sveitir landsins í ljósi þess að skotvopn eru geymd á mjög mörgum heimilum.

## Skipting verkefna alþjóðadeildar

Árið 2003 voru 1.409 verkefni skráð á alþjóðadeild sem er aukning frá árinu á undan er 1.351 verkefni var skráð (sjá töflu 3). Þessi fjölgun skýrist að mestu af fleiri verkefnum er snúa að Europol, auk vinnu við svokölluð kennisþjöld þar sem veittar eru upplýsingar um Íslendinga sem sækja um ökuskirteini erlendis. Málum vegna Schengen-samstarfsins fjögaði ekki milli ára líkt og árið á undan, en meirihluti þeirra (93) falla undir 39. gr. Schengen-samningsins um lögreglusamvinnu. Verkefnum er snúa að Interpol fækkaði hins vegar nokkuð á árinu.


Tafla 3. Skipting verkefna aðlþjóðadeildar 2001 til 2003

	2003	2002	2001
Interpol	489	784	321 <sup>1)</sup>
Schengen	170	169	90 <sup>2)</sup>
PTN	182	171	125
Baltcom	4	3	5
Europol	224	122	8
Hælisleitendur/brottvísanir	75	73	60 <sup>3)</sup>
Annað	71	29	19
Kennisþjöld	194		
<b>Samtals</b>	<b>1.409</b>	<b>1.351</b>	<b>628</b>

1) Liðurinn fíkniefnamál í ársskýrslu fyrir árið 2001 hefur verið felldur hér undir, alls 12 mál.

2) Mál sem skráð voru undir Círefi-mál í ársskýrslu fyrir árið 2001 hafa verið felld hér undir, alls 53 mál.

3) Var skráð undir útlendingamál í ársskýrslu fyrir árið 2001, hér hefur málaflökkinum verið gefið nýtt heiti.







**SVIÐ 2**

## Öryggismál

Nokkrar annir voru hjá lögreglu vegna opinberra heimsókna og einkaheimsókna erlendra fyrirmenna árið 2003. Umfangsmestu viðfangsefnin voru heimsóknir forseta Þýskalands, landstjóra Kanada og fulltrúa Kínverska kommúnistaflokksins. Árið 2003 tók lögreglan þátt í fylgd og öryggisgæslu vegna 12 heimsókna (sjá töflu 4).

Tafla 4. Fjöldi heimsókna til Íslands árið 2003 þar sem ríkislögreglustjóri kom að skipulagingu og öryggisgæslu

Mánuður	Nafn og titill	Fjöldi fylgdarmanna
Febrúar	Ritta Vosukainen, forseti finnska þingsins	5
	Anna Lindh, utanríkisráðherra Svíþjóðar	2
Mars	Dr. Leonardo Santos, utanríkisráðherra Mósambík	4
Apríl	Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur	9
Júní	Robertson lávarður, framkvæmdastjóri NATO	5
	Liora Herzl, sendiherra Ísraels	2
Júlí	Johannes Rau, forseti Þýskalands	70
September	Lou Gan, fulltrúi í Kínverska kommúnistaflokknum	45
	Dlamini Zuma, utanríkisráðherra Suður-Afríku	6
Október	Adrienne Clarkson, landstjóri Kanada	70
	Sergey B. Ivanov, varnarmálaráðherra Rússlands	7
Nóvember	The-Ben Gurirab, forsætisráðherra Namibíu	15

### Sérsvaitin

Samtals sinnti sérsvaitin 98 sérverkefnum á árinu. Þar af voru öryggisgæsluverkefni 24, verkefni vegna vopnaðra lögreglustarfa voru 52 og einstök fræðsluverkefni 22. Þar af sinntu sprengjusérfræðingar sérsvaitarinnar nokkrum verkefnum, m.a. í kjölfar sprengjuhótana og öryggisleitar vegna opinberra heimsókna. Þá sinnti samningahópurinn nokkrum verkefnum á árinu og sá um fræðslu í samningatækni fyrir Lögregluskólann og fangaverði.

Á árinu gerði sérsvaitin samstarfssamning við slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) um





þjálfun. Samkvæmt samningnum leggur SHS til þjálfun og fræðslu fyrir skyndihjálparmenn sérsveitarinnar en sérsveitin leggur fram þjálfun og fræðslu fyrir brunaverði í sjálfsvörn, í viðbrögðum við ofbeldisfullum einstaklingum, umgengni við skotvopn og aðkomu á vettvang sérsveitaraðgerða.

Árið 2003 tók sérsveitin í fyrsta skipti þátt í alþjóðlegri keppni sérsveita. Þýska sérsveitin GSG 9 hefur séð um framkvæmd keppninnar frá upphafi og tóku 54 sérsveitir þátt að þessu sinni. Keppt var í 10 mismunandi greinum og náði sérsveit ríkislögreglustjóra góðum árangri í nokkrum þeirra.

Sérsveitin aðstoðaði Lögregluskóla ríkisins við þjálfun í grunnnámi og framhaldsdeild skólans og sá um þjálfun fangavarda á Litla-Hrauni. Þá sá sérsveitin um þjálfun á tveimur námskeiðum í mannfjöldastjórnun en þessi námskeið sóttu lögreglumenn frá þeim embættum sem fengið hafa búnað til mannfjöldastjórnunar. Þessi þjálfun er framhald af þeirri þjálfun sem farið var af stað með í tengslum við NATO-fundinn árið 2002.

Sérsveitin sá einnig um námskeið fyrir skotstjóra lögreglu sem 16 lögreglumenn sóttu. Þeir sjá síðan um framkvæmd hæfnisprófs fyrir þá lögreglumenn sem viðkomandi lögreglustjóri hefur ákveðið að hljóti skotvopnaskirteini lögreglu. Að auki sá sérsveitin um fræðslu fyrir starfsfólk Icelandair og Íslandsflugs um sprengiefni og viðbrögð við ofbeldisfullum einstaklingum um borð í loftförum.

## Alþjóðleg lögreglustörf

Tveir lögreglumenn voru við friðargæslustörf í Bosníu og Hersegovínu á árinu. Þeir starfa nú á vegum Evrópusambandsins sem yfirtók starfsemi Sameinu þjóðanna þar í landi árið 2002. Gert er ráð fyrir framhaldi þess starfs þar til starfsumboð Evrópusambandsins í landinu fellur úr gildi árið 2007.

## Umferðardeild


Árið 2003 fjölgaði starfsmönnum deildarinnar úr sjö í átta er hún var færð undir einn af aðstoðaryfirlögregluþjónum sviðs 2. Yfir sumartímann er fjölgað um tvo starfsmenn til afleysinga og til að mæta aukinni umferð. Þá var umferðardeildin styrkt sérstaklega vegna verslunarmannahelgarinnar.

Deildin hefur fimm lögreglubifreiðar til umráða, tvær bifreiðar sem útbúnar eru með hraðamyndavélum og tvær með Eyewitness-tækjum sem taka upp hraðakstursbrot ásamt öðrum umferðarlagabrotum. Þessi tækni er ný hér á landi og voru bifreiðarnar m.a. lánaðar til annarra lögregluumdæma til notkunar.

Á síðustu árum hefur aðstoðarbeiðnum til deildarinnar fjölgað, þá sérstaklega yfir sumarmánuðina. Lögreglumenn á vegum umferðardeildar hafa verið á þeim stöðum sem fólk hefur safnast saman og haldið uppi umferðarlöggæslu, m.a. fyrstu helgina í júlí og um verslunarmannahelgina. Þá er deildin í samstarfi við Lögregluskóla ríkisins um þjálfun lögreglunema og á hinum ýmsu sviðum sem tengjast umferðarlöggæslu.

Alls voru 5.728 brot skráð af umferðardeildinni árið 2003, þar af voru flest (3.508) fyrir of hraðan akstur (sjá töflu 5). Samstarf var við Vegagerðina um eftirlit með áspungabrotum og með aksturs- og hvíldartíma ásamt öðrum þáttum er varða stærri ökutæki. Liðlega 1.300 mál voru bókuð vegna þessa samstarfs árið 2003.

Tafla 5. Fjöldi verkefna starfsmanna umferðardeildar árið 2003 eftir umdæmum



	Of hraður akstur	Ókuskrifteini ekki meðf.	Önnur umferðarlagabr.	Önnur brot og verkefni	Alls
Akranes	5		6	6	17
Akureyri	127	10	67	16	220
Blönduós	62	4	9	6	81
Borgarnes	522	17	69	25	633
Búðardalur	2			1	3
Eskifjörður	11		42	17	70
Hafnarfjörður	14	3	171	77	265
Hólmavík	67	2	22	7	98
Húsavík	16	2	10	1	29
Hvolsvöllur	233	1	20	15	269
Höfn	27		9	6	42
Ísafjörður	6		12	7	25
Keflavík	223	7	49	13	292
Kópavogur	552	4	52	21	629
Patreksfjörður			5	2	7
Reykjavík	964	37	470	558	2.029
Ríkislögreglustjórinn	1	1		1	3
Sauðárkrókur	84	3	22	4	113
Selfoss	397	11	108	52	568
Seyðisfjörður	41	1	73	10	125
Siglufjörður				1	1
Snæfellsnes	50		9	4	63
Vestmannaeyjar			7	3	10
Vík	104	4	14	14	136
<b>Samtals</b>	<b>3.508</b>	<b>107</b>	<b>1.246</b>	<b>867</b>	<b>5.728</b>

## Samstarfsverkefni

Embætti ríkislögreglustjóra tekur þátt í samstarfi norræna lögregluþyrvalda um umferðarmál, SANT. Á árinu voru haldnir tveir fundir, báðir í Noregi. Fulltrúi umferðardeildar á einnig sæti í nefndum og ráðum og má þá helst nefna setu í Umferðarráði.



## Tækja- og búnaðarmál

### Ökutæki

Á árinu voru keypt fimmtán ökutæki, þar af átta Volvo S80 fólksbifreiðar sérþúnar fyrir lögreglu. Þessar bifreiðar voru afhentar lögregluembættunum í Reykjavík, Borgarnesi, á Akureyri, Húsavík, Selfossi, í Keflavík, á Keflavíkurflugvelli og í Hafnarfirði. Þá voru ökutæki tekin á rekstrarleigu til reynslu.

## Fjarskiptamiðstöð lögreglu (FML)

Verkefni FML hafa verið með svipuðu sniði og undanfarin ár en verkefnunum hefur fjölgað. Alls bárust 65.864 símtöl til FML í gegnum Neyðarlínuna 112 en það eru 5.488 símtöl á mánuði eða 180 símtöl á dag.

Á síðasta ári skilaði vinnuhópur á vegum embættisins og þeirra embætta sem koma að FML af sér verklagsreglum og leiðbeiningum um fjarskipti. Einnig er samstarfshópur frá lögregluembættum og Slysavarnafélaginu Landsbjörg að vinna að gerð eyðublaða, gátlista og skipulagi á sameiginlegri vinnu þessara aðila.

### Nýtt húsnæði

Stór dagur var í rekstri FML hinn 29. janúar þegar starfsemin var flutt í nýtt húsnæði í Skógarhlíð. Hið nýja húsnæði var innréttað með tilliti til starfseminnar og var reynt að sjá um að allt yrði sem best úr garði gert, bæði fyrir starfsemina og starfsfólkið. Öll húsgögn og allur tölvubúnaður var endurnýjaður og var því flutt bæði í nýtt húsnæði og bætt vinnuumhverfi. Hægt er að skilja vinnslusal FML að í tvö aflokuð rými. Annað er notað fyrir daglega þjónustu FML við borgara landsins og lögregluliðin. Hitt er útbúið með fullkomnum fjarskipta- og tölvubúnaði sem hentar mjög vel sem aðgerðastöð í sérstökum lögregluaðgerðum fyrir þau embætti sem standa að FML. Skal þar nefna sérsveitaraðgerðir, fíkniefnamál og leit og björgun.

## Þjónusta FML

Ekki bættust við fleiri embætti í þjónustu FML á árinu. Hins vegar hefur orðið umtalsverð aukning á þjónustu FML við lögregluembætti landsbyggðarinnar. Hafa embættin óskað eftir því að FML veiti þjónustu við afgreiðslu ýmissa lögreglumála. Þetta á ekki síst við um upplýsingagjöf en erfitt er fyrir lögreglumenn að fá upplýsingar úr lögreglukerfunum eftir öðrum leiðum. Á árinu voru slíkar beiðnir frá lögreglumönnum á vettvangi 2.555 eða að meðaltali sjö beiðnir á dag. Hver beiðni getur verið tímafrek og í mörgum liðum. Þá hafa embætti utan núverandi þjónustusvæðis í auknum mæli óskað eftir því að bakvaktarsímar embættanna verði færðir yfir á FML.

Ekki hefur orðið framþróun í Tetra-fjarskiptakerfinu. Fyrirtækið hefur ekki getað boðið upp á frekari útbreiðslu. Á árinu hætti Tetra Ísland að veita þjónustu í viðgerðum á notendabúnaði og færðust viðgerðir fyrir embættin þá til bílamiðstöðvar ríkislögreglustjóra.

Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika hefur margoft sannast hve mikilvægu hlutverki Tetra-fjarskiptakerfið og ferilkerfi ökutækja gegna enda hefur samverkun þessara kerfa skipt sköpum á ögurstundu.

## Starfsmannamál

Vaktkerfi FML er ekki sjálfbært og hentar starfseminni ekki nógu vel. Mikil aukavinna hefur skapast og ekki er sveigjanleiki í kerfinu. Verið er að endurskoða vaktkerfi, að ósk starfsmanna, til að gera það bæði mannvænna og arðbærara fyrir starfsemina.

Á árinu sá Lögregluskóli ríkisins um tvö sameiginleg námskeið fyrir starfsfólk FML og Neyðarlinunnar þar sem tekið var á ýmsum sérþáttum fyrir fólk sem vinnur undir álagi og streitu. Þá fór aðstoðaryfirlögregluþjónn FML til USA og kynnti sér meðal annars starfsemi fjarskiptamiðstöðvar þar, ásamt nýjungum í tækjabúnaði, og gagnaflutninga á milli fjarskiptamiðstöðvar og lögreglutækja. Í framhaldi af því vann útskriftarnemi frá Tækniháskólanum lokaverkefni um gagnaflutninga hjá lögreglu í gegnum Tetra-fjarskiptakerfið. Mun það verkefni koma til með að spara bæði peninga og vinnu fyrir embættið þegar svigrúm skapast til að fara í áframhaldandi vinnu við gagnaflutninga hjá lögreglu.





## Almannavarnir

Með lögum nr. 44/2003, frá því í mars 2003, var sú breyting gerð á lögum nr. 94/1962 um almannavarnir að stofnunin Almannavarnir ríkisins var lögð niður og starfsemin flutt til embættis ríkislögreglustjóra. Samkvæmt 6. gr. laga um almannavarnir stýrir ríkislögreglustjóri starfsemi almannavarna í umboði dómsmálaráðherra að höfðu samráði við almannavarnaráð.

## Almannavarnadeild

Vegna breytinga á fyrirkomulagi almannavarna starfrækir ríkislögreglustjóri nú almannavarnadeild sem fellur undir svið 2. Við deildina starfa fjórir fyrrum starfsmenn Almannavarna ríkisins, það eru deildarstjóri, verkefnafulltrúi áhættugreininga, verkefnafulltrúi forvarna og verkefnafulltrúi samhæfingar og aðgerða.

Hinn 24. júní var samhæfingarstöð almannavarnadeildar flutt úr kjallara lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu í nýtt og tæknilega fullkomið húsnæði í Skógarhlíð 14 í Reykjavík. Við sama tækifæri var vaktsemi almannavarna fluttur yfir í neyðarnúmerið 1-1-2 og er nú svarað í hann þar allan sólarhringinn.

Skrifstofur almannavarnadeildar voru hinn 23. október fluttar frá Seljavegi 32 í Skógarhlíð 14. Við þann flutning rættist langþráður draumur um að hafa skrifstofur og samhæfingarstöð í sama húsi.

## Áhættugreining

Verkefnafulltrúi áhættugreiningar á sæti í starfshópi sem vinnur að gerð áhættugreiningar og hættumats vegna hugsanlegra jökulhlaupa til norðurs og vesturs úr Eyjafjalla- og Mýrdalsjökulum. Einnig vinnur verkefnafulltrúinn að verkefnum sem tengjast Retina-verkefninu sem er samstarfsverkefni á vegum Evrópusambandsins.

## Forvarnir

Á árinu var unnið að skilgreiningu og gerð greiningarspjalda og boðunaráætlana í samstarfi við Neyðarlínuna. Sú vinna tengist gerð verklagsregluhandbókar fyrir björgunarmiðstöð/samhæfingarstöð. Einnig var unnið að því að þjálfa starfsmenn Neyðarlínunnar, FML og áhafnir björgunarmiðstöðvar í notkun tæknibúnaðar og aðgerðastjórnarforrits björgunarmiðstöðvar og í notkun umræddra boðunarspjalda. Unnið er að því að setja upplýsingar um almannavarnanefndir í sameiginlegan gagnagrunn viðbragðsaðila. Í gangi er samstarfsverkefni um gerð Viðlagahandbókar fyrir heimili sem inniheldur upplýsingar og leiðbeiningar er lúta að öryggi hins almenna borgara inni á heimilum landsins og er sú vinna nú á lokastigi.

## Skipulags- og samhæfingarmál

Á árinu var í samstarfi við Flugmálastjórn unnið að gerð flugslysaáætlunar fyrir Vestmannaeyjaflugvöll og var hún útgefin og staðfest hinn 12. júní. Þá var hafist handa við endurskoðun á flugslysaáætlunum fyrir Reykjavíkflugvöll og Ísafjarðarflugvöll. Gagngerri endurskoðun á flugslysaáætlun fyrir Keflavíkflugvöll er u.þ.b. að ljúka og liggja loka-drög þeirrar áætlunar nú fyrir. Hins vegar á eftir að ræða og staðfesta aðkomu varnarliðsins að flugslysaáætluninni. Fulltrúi deildarinnar sat einnig fundi um endurskoðun á viðbragðsaætlun fyrir Hvalfjarðargöng.

Handbók fyrir vettvangsstjórnendur almannavarna var aðlöguð þeim breytingum sem gerðar voru á starfsemi almannavarna á árinu og hafnar voru viðræður milli almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Brunamálaskólans og Lögregluskólans um framtíðarskipulag vettvangsstjóraþjálfunar. Um áramótin var lokið við gerð verklagsregluhandbókar um almannavarna-aðgerðir í samhæfingarstöð og hefur hún verið kynnt þeim sem hana eiga að nota.

## Æfingar

Á árinu tóku starfsmenn almannavarnadeildar og áhöfn samhæfingarstöðvar, að hluta til eða að öllu leyti, þátt í fimm æfingum þar sem viðbrögð við flugslysum og bruna í Hvalfjarðargöngum voru meðal annars æfð.

Búið er að taka saman drög að æfingaáætlun fyrir árið 2004 þar sem blandað er saman æfingum fyrir áhöfn samhæfingarstöðvar, skrifborðsæfingum í samvinnu við almannavarnanefndir og vettvangsæfingum með þátttöku samhæfingarstöðvar.



## Samskipti við almannavarna- nefndir

Ein af megin skyldum almannavarna- deildar er að vera í virku sambandi við lögreglustjóra og almannavarnanefndir í landinu. Vegna þeirra breytinga sem urðu á starfsemi almannavarna á árinu var ákveðið að heimsækja allar almannavarnanefndir og upplýsa nefndarmenn um þær breytingar sem gerðar voru á lögnum um almannavarnir. Á haustmánuðum 2003 voru 32 almannavarna- nefndir heimsóttar og haldinn fundur með hverri nefnd.

## Aðgerðir

Átta aðgerðir hafa verið skráðar í aðgerða- skýrslur hjá almannavarnadeild. Er þar um að ræða viðbúnað vegna aukinnar jarð- skjálftahættu í Ölfusi, rútuslys á Geldinga- draga, viðbúnað vegna flugatviks á Kefla- vikurflugvelli, jarðskjálfta við Kleifarvatn, snarpa skjálftahrinu í Kötlugjá, hlauþ í Skaftá, aurskriðuhættu á Ísafirði og við- búnað vegna flugatviks á Keflavíkurflug- velli (sprengjuhótun).



## Erlend samskipti

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra er í fastmótuðu samstarfi við fjölmarga erlenda aðila og eru forstjórafundir almannavarna á Norðurlöndum til að mynda haldnir árlega til skiptis í löndunum fimm. Þá eru forstjórafundir almannavarna Evrópusambandsins (Civil Protection Director General Meeting) haldnir vor og haust. Ríkislögreglustjóri og sviðsstjóri á sviði 2 sóttu slíkan fund sem haldinn var í Grikklandi. Deildin tekur einnig þátt í Retina-verkefninu sem er samstarfsverkefni Íslendinga, Frakka, Portúgala (vegna Azoreyja) og Breta þar sem fjallað er um samspil eldgosa, jarðskjálfta og skriðufalla. Ekki voru neinar utanlandsferðir vegna verkefnisins á árinu 2003.

Ísland tekur jafnframt þátt í Mechanism-verkefninu þar sem fjallað er um samstarf í almannavörnum innan Evrópusambandsins. Ísland, Noregur og Liechtenstein eru þátttakendur í verkefninu í gegnum EES-samninginn. Framangreind lönd hafa með sér samstarf (EFTA Working Group on Civil Protection) um almannavarnamál sem tengjast ESB. Fulltrúi samhæfingaraðgerða sótti þrjá fundi sem haldnir voru í Brussel. Einnig má nefna að Almannavarnadeild NATO (SCEPC) heldur að jafnaði fundi vor og haust. Deildarstjóri almannavarnadeildar sótti vofundinn sem haldinn var í Brussel.







## SVIÐ 3

### Starfsmannamál

Í ársskýrslu fyrir árið 2002 kemur fram að heildarstöðugildafjöldi hjá embætti ríkislög-  
reglustjóra það ár var 74, en þá var talin með tímabundin staða vegna svokallaðs  
PTN-verkefnis og afleysingastaða í umferðardeild. Að þessum stöðum frátöldum voru  
stöðugildin því samtals 72. Á árinu 2003 færðust Almannavarnir ríkisins til embættis  
ríkislögreglustjóra og með þeim fjórir starfsmenn. Jafnframt var fjölgað tímabundið  
um tvo lögreglumenn í efnahagsbrotadeild og einn löglærðan fulltrúa. Stöðugildi árið  
2003 voru því samtals 79 að meðtöldum tímabundnum stöðum.

Árið 2003 voru heimiluð stöðugildi lögreglumanna á landinu öllu 693, tveimur fleiri  
en árið á undan. Fjölgað var um eina stöðu í umferðardeild ríkislögreglustjóra, sem  
staðsett var á Hvolsvelli allt árið, og eina stöðu í Lögregluskóla ríkisins.

Að öðru leyti er vísað á efni varðandi starfsmannamál í viðauka.

### Tölvumál

Á fyrri hluta ársins 2003 gekk dómsmálaráðuneytið til samninga við Skýrr hf. um  
smíði nýs lögreglakerfis, en Skýrr hf. átti lágsta tilboð í smíðina. Samhliða samningi  
um smíði kerfisins var samið við VKS hf. um umsjón og eftirlit með verkinu. Vinna  
hófst í apríl 2003 og eru áætluð verklok í maí 2004 og stefnt að því að taka nýja lög-  
reglakerfið í notkun hinn 1. október sama ár.

Til að fjármagna smíði nýja kerfisins var um 60% af fjárveitingum til viðhalds eldri  
tölvakerfa lögreglu ráðstafað til nýsmíðinnar. Af þeim sökum hefur aðeins verið unnið  
að lagfæringum á göllum og breytingum á núverandi kerfi sem lög, reglugerðir  
og/eða niðurstöður dóma gera kröfur um. Mikil vinna hefur verið lögð í endur-  
skipulagningu hinna ýmsu hluta lögreglakerfanna og hafa tugir starfsmanna komið  
að verkinu.

Nýtt miðlægt leyfisveitingakerfi var tekið í notkun á árinu, en það er byggt á stöðluðu  
kerfi sem VKS hf. hefur smíðað og lagað að þörfum lögreglunnar. Í kerfinu eru öll helstu  
leyfi sem lögreglan gefur út.




## Sektarkerfið

Hinn 1. janúar 2003 færðist umsýsla á útprentun sektarboða, ítrekana og birtingarvottorða frá ríkislögreglustjóra til embættis sýslumannsins á Hvolsvelli. Að öðru leyti er umsjón sektarkerfisins varðandi hugbúnaðargerð áfram hjá embættinu.

Árið 2003 voru send út 37.823 sektarboð sem er nokkur fækkun frá árinu á undan er þau voru 42.194. Sektað var fyrir alls 40.617 brot, í flestum tilvikum fyrir of hraðan akstur eða 21.242 brot.

Árið 2003 voru útsendar sektargerðir 2.929 sem er 3% aukning frá árinu á undan. Alls voru sendar út sektargerðir vegna 3.137 brota, í flestum tilvikum vegna ölvunar við akstur (662 brot) en einnig vegna of hraðs aksturs (559 brot). Þá var sektað fyrir 447 brot þar sem um var að ræða vörslu eða neyslu fíkniefna.

Árið 2003 fengu alls 14.355 ökumenn staðfesta umferðarpunkta, 10.992 karlmenn og 3.363 konur. Þetta er fækkun frá árinu á undan er 14.977 ökumenn fengu staðfesta umferðarpunkta, 11.600 karlmenn og 3.377 konur.




Mynd 4. Aldur þeirra sem fengu staðfesta umferðarpunkta 2002 og 2003

Á mynd 4 sést aldur þeirra sem fengu staðfesta umferðarpunkta árið 2003 samanborið við árið á undan. Fram kemur að sú fækkun sem á sér stað á milli ára er einna helst í yngstu aldurshópnum en fjöldi ökumanna eldri en 30 ára sem fengu staðfesta punkta er svipaður milli ára.

Árið 2003 fækkaði þeim sem sviptir voru ökuréttindum á grundvelli punktafjölda um rúmlega helming eða úr 148 einstaklingum í 72. Árið 2002 sker sig úr en það ár fjölgaði einstaklingum sem sviptir voru ökuréttindum á grundvelli umferðarpunkta um rúmlega 66%.

Líkt og fyrri ár voru karlmenn í miklum meirihluta þeirra sem sviptir voru ökuréttindum eða rúmlega 94% og voru rúmlega 67% 20 ára eða yngri. Eins og fram kemur á mynd 5 voru það helst einstaklingar í yngstu aldurshópnum sem misstu ökuréttindi vegna punktafjölda á árunum 2001 til 2003.

Rétt er að benda á að þeir sem hafa fullnaðarskírteini missa ökuréttindi ef þeir fá 12 punkta eða fleiri vegna þriggja eða fleiri brota á allt að þriggja ára tímabili. Þeir sem hafa bráðabirgðaskírteini (þ.e. fyrstu tvö árin eftir að ökuþrófi hefur verið lokið) missa hins vegar ökuréttindi undir sömu kringumstæðum ef þeir fá sjö punkta eða fleiri.



Mynd 5. Fjöldi sviptra á grundvelli punktafjölda frá 1998 til 2003. Greint eftir aldri

## Útgáfa ökuskríteina

Svið 3 tók við umsjón með útgáfu ökuskríteina á árinu, en fram að því hafði þessi málaflokkur verið í höndum sviðs 1. Samningur dómsmálaráðuneytisins við Bundesdruckerei í Berlín um framleiðslu ökuskríteina, sem undirritaður var haustið 2001, rann út síðari hluta ársins 2003. Í upprunalega samningnum voru ákvæði um framlengingu hans til þriggja ára, eitt ár í senn, og í samræmi við þau var gerður viðbótarsamningur sem gildir til haustsins 2004.

Samstarf við Bundesdruckerei hefur verið með miklum ágætum. Einu sinni á sólarhring eru sendar dulkóðaðar upplýsingar með rafrænum hætti til Bundesdruckerei, sem síðan eru notaðar til framleiðslu ökuskríteinanna. Skírteinin berast síðan til landsins með hraðpósti einum til þremur sólarhringum síðar og sér ríkislögreglustjóri um að dreifa skírteininum til þeirra embætta sem pöntuðu þau. Þetta hefur gengið hnökralítið og á síðasta ári voru framleidd 26.507 ökuskríteini fyrir Íslendinga hjá Bundesdruckerei.



## Áfengis- og vopnalagamál

Í ársbyrjun voru verkefni ríkislögreglustjóra á sviði áfengis- og vopnamála færð frá sviði 2 yfir á svið 3 og fylgdi þeim verkefnum einn starfsmaður. Þessi skipan mála var staðfest með nýju skipuriti fyrir embættið 3. apríl 2003. Verkefnið felur í sér vinnu við stefnumörkun, leyfisveitingar og aðra starfsemi sem heyrir undir hlutverk ríkislögreglustjóra samkvæmt áfengis- og vopnalögum. Í því felst meðal annars að samræma vinnureglur fyrir lögregluna í landinu, sem hefur eftirlit með því að lög þessi séu haldin, og gefa út leyfi af ýmsum toga samkvæmt þeim. Í sumum tilvikum, þar sem lögreglustjórar annast leyfisveitingar samkvæmt vopnalögum, þarf heimild ríkislögreglustjóra að liggja fyrir áður en leyfi eru gefin út.

Starfsleyfi til þeirra sem framleiða, flytja inn og versla með áfengi, vopn, skotelda og sprengiefni í atvinnuskyni eru hins vegar gefin út af ríkislögreglustjóra og þar er haldin skrá um þá starfsemi. Þá annast deildin útgáfu leyfa fyrir öllum flutningi vopna til og frá landinu.

### Áfengislög

Er ríkislögreglustjóri tók við útgáfu starfsleyfa til framleiðslu, innflutnings og heildsölu áfengis í atvinnuskyni árið 1998 voru í gildi 67 leyfi til að versla með áfengi, en frá þeim tíma til ársloka 2003 hefur ríkislögreglustjóri gefið út samtals 76 ný leyfi. Athyglisvert er að samkvæmt skrá um gild starfsleyfi er ljóst að 55 fyrirtæki hafa hætt verslun með áfengi á síðastliðnum fimm árum.

Tafla 6. Fjöldi gilda leyfa er falla undir áfengislög við lok árs 2003

	Gild leyfi	Par af veitt á árinu
Framleiðsluleyfi	5	0
Innflutnings- og heildsöluleyfi	83	33
Leyfi til að kaupa og nota etanol, spíritus fortis o.fl. vegna iðnaðar	67	23
<b>Samtals</b>	<b>155</b>	<b>56*</b>

\*Par af 14 vegna endurnýjunar eldri leyfa – Samtals 16 fyrirtæki hættu verslun með áfengi á árinu.

## Vopnalög

Á síðasta ári voru 44 fyrirtæki í landinu öllu sem höfðu leyfi til að versla með skotvopn og skotfæri. Þetta er nokkur fækkun frá árinu á undan er 54 fyrirtæki höfðu sambærilegt leyfi. Eins og fram kemur í töflu 11 í viðauka þá fækkaði leyfum og heimildum sem veittar voru á grundvelli vopnalaga árið 2003 eða úr 540 í 514. Munar þar mestu um fækkun leyfa vegna innflutnings og skammtimaskotvopnaleyfa fyrir útlendinga. Þá voru færri haglabýssur fluttar til landsins árið 2003 en árið á undan en að sama skapi voru fleiri rifflar fluttir til landsins.

## Sprenghæfni

Mikil aukning á innflutningi og hvers konar meðferð sprenghæfnis var fyrirsjáanleg árið 2003 vegna stórframkvæmda á Austurlandi og víðar. Því var sérstaklega farið yfir þær reglur sem um slíka starfsemi gilda samkvæmt vopnalögum og reglugerð um sprenghæfni og litið til þess hvernig að eftirliti væri staðið. Í framhaldi af því var öllum lögreglustjórum og þeim fyrirtækjum sem hafa leyfi til innflutnings á sprenghæfni sent bréf þar sem reglur, m.a. um flutning og geymslu, voru áréttaðar og hvatt til betra eftirlits. Um þetta var sérstakt samráð haft við Vinnueftirlit ríkisins.

## Skotvopnanámskeið

Í júlí 2002 voru hafnar viðræður við veiðistjóra um að embætti hans tæki að sér framkvæmd skotvopnanámskeiða á öllu landinu. Áður en formlegar viðræður hófust var leitað umsagnar allra lögreglustjóra og reyndist mikill meirihluti þeirra hlynntur því að fela einum aðila námskeiðahaldið.

Hinn 28. ágúst 2003 var svo undirritaður samningur þar sem ríkislögreglustjóri felur Umhverfisstofnun að annast framkvæmd námskeiða og prófa í notkun og meðferð skotvopna. Í honum felst allt sem varðar fræðsluþáttinn, þ.e. skipulag, kennsla og námsefnisgerð. Samningur þessi gildir í tvö ár frá upphafi árs 2004. Eftir sem áður verður það hlutverk lögreglustjóra í hverju umdæmi að samþykkja nemendur á skotvopnanámskeið og gefa út skotvopnaskirteini, allt samkvæmt ákvæðum vopnalaga.





## Reglugerð um skotelda

Í desember 2003 tók gildi ný reglugerð um skotelda nr. 952/2003. Í henni felast mjög umfangsmiklar breytingar frá eldri reglugerð og er nánast um algjöra endurgerð að ræða. Í reglugerðinni eru mun nákvæmari ákvæði um öryggi en áður giltu og í viðauka hennar er að finna nákvæma flokkun skotelda. Vinna við gerð reglugerðarinnar hefur staðið yfir með hléum frá 1999 og við gerð hennar hefur verið haft mikið samstarf við hagsmunaaðila og ýmsar stofnanir. Þessari vinnu hefur verið stýrt úr dómsmálaráðuneytinu en í starfshópnum hafa verið tveir fulltrúar frá ríkislögreglustjóra og einn frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

## Fundir, fræðslu- og vinnuferðir

Á síðasta ári stóð svið 3 fyrir fundi um skotvopna- og sprengiefnamál. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík dagana 16. og 17. október. Auk fjögurra fulltrúa frá ríkislögreglustjóra var tveimur starfsmönnum embættis lögreglustjórans í Reykjavík boðið að sitja ráðstefnuna. Frá hinum Norðurlöndunum komu fulltrúar frá ríkislögreglustjórum og dómsmálaráðuneytum, einn frá Danmörku og tveir frá hverju hinna landanna. Ráðstefnumarkmið voru að efla samvinnu og samræma vinnubrögð þeirra sem fást við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt vopnalögum í hverju landi ásamt því að kynna helstu nýjungar.

Á árinu voru öll lögregluembætti heimsótt í tengslum við gangsetningu nýs leyfisveitingakerfis lögreglunnar.

Sóttir voru fundir vegna samstarfs við lögregluyfirvöld á Norðurlöndunum. Haldinn var fundur vegna jafnréttismála innan lögreglunnar í Finnlandi fyrri hluta september og vegna samstarfs um tölvumál í Danmörku seinni hluta september.







**SVIÐ 4**

## Helstu viðfangsefni

Nokkur breyting hefur orðið á viðfangsefnum sviðsins, þar sem tölfræði ýmiss konar, samantektir, úttektir og útgáfustafsemi fer vaxandi. Helstu skýringar á þessu eru áherslur sem ríkislögreglustjóri leggur á fækkun afbrota, aukið þjónustustig, svo sem varðandi meiri aðgang að upplýsingum um lögregluna og lögreglutengd málefni, og að bæta verklag og gæði lögreglustarfa. Aukinn aðgangur að upplýsingum á heimasíðu embættisins hefur haft í för með sér að ýmsum fyrirspurnum hefur fækkað, en á móti kemur að töluvert er leitað til sviðsins frá nemum, auk þess sem fræðilegum samantektum og rannsóknum fyrir einstök lögregluembætti eða aðrar stofnanir hefur fjölgað. Ennfremur hefur færst í vöxt að starfsmönnum sviðsins sé falið að vinna í ýmsum starfshópum. eru þetta vinnuhópar á vegum ríkislögreglustjóra, dómsmálaráðuneytisins, ríkissaksóknara, Lögregluskóla ríkisins og fleiri aðila.

Í töflum 7 og 8 má sjá helstu viðfangsefni sviðsins á síðustu árum. Árið 2003 var heildarfjöldi viðfangsefna 924, þar af 380 á öðrum sviðum en tæknirannsóknum. Þetta er nokkur aukning frá árinu á undan er sambærileg viðfangsefni voru 312. Viðfangsefnum vegna forvarna, skýrslna, úttekta og tölfræði fjölgaði mest eða um meira en helming en beiðnum vegna rannsóknar mála fækkaði verulega eftir að rannsóknardeildin var færð frá sviði 4 yfir til sviðs 5.

Tafla 7. Viðfangsefni sviðs 4 2001 til 2003 að tæknirannsóknastofu frátalinni

	2003	2002	2001
Aðstoð og beiðnir ýmiss konar	12	38	56
Aðstoð við rannsókn mála	1	3	46
Fyrirspurnir og upplýsingamiðlun	75	68	52
Fikniefnamálefni, önnur en rannsókn	51	35	66
Forvarnir	41	18	
Sóttar ráðstefnur og fundir	19	16	15
Fyrirmæli og leiðbeiningar	7	10	3
Skýrslur, úttektir og tölfræði	118	77	21
Ýmislegt annað, ótilgreint*	56	47	25
<b>Samtals</b>	<b>380</b>	<b>312</b>	<b>284</b>

\*Vegna breytinga í skráningu voru upplýsingar um fjölda vinnuhópa árið 2001 felldar hér undir.



## Afmæli lögreglunnar

Á árinu var haldið upp á 200 ára afmæli hinnar einkennisklæddu lögreglu. Til að minnast þessara merku tímamóta var m.a. gefið út afmælismerki, minnispeningar, minjagripir, kynningarrit um sögu, þróun og uppbyggingu lögreglunnar á Íslandi auk þess sem Sögusýning lögreglunnar var opnuð. Þá gaf Íslandspóstur út tvö frimerki til minningar um þessi tímamót.

Einn þáttur í þessu starfi var svokallaður Lögregludagur sem haldinn var hjá öllum lögregluliðum landsins hinn 26. apríl en þá heimsóttu um 10.000 manns lögregluna. Hvert lögregluembætti skipulagði daginn í sínu umdæmi út frá tilteknum forsendum sem samræmdar voru fyrir allt landið. Síðan var kallað eftir upplýsingum frá embættunum um hvernig til hefði tekist og þær birtar í sérstöku riti um afmælisár lögreglunnar 2003.

## Sérverkefni

Á árinu stóðu tímabundið yfir hrefnuveiðar í rannsóknarskyni. Dómsmálaráðuneytið fól embættinu og Landhelgisgæslunni að gera athugun á hugsanlegum öryggisviðbúnaði. Ennfremur var embættinu falið að samræma og skipuleggja í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra hvernig eftirliti í höfnum yrði háttað og með hvaða hætti upplýsingaöflun og miðlun verði framkvæmd. Unnið var að málum sem snerta öryggisatriði í höfnum í samvinnu við Hafrannsóknastofnun og Siglingamálastofnun.

Í júní 2003 gaf ríkislögreglustjóri út siðareglur fyrir lögreglu. Reglurnar eru byggðar á niðurstöðum starfshóps sem skipaður var fulltrúum frá Lögregluskóla ríkisins, sýslumanni Snæfellinga, dómsmálaráðuneytinu, Landssambandi lögreglumanna og ríkislögreglustjóra. Starfshópurinn byggði reglurnar m.a. á samþykkt ráðherranefndar Evrópuráðsins um siðareglur lögreglu í Evrópu. En að auki var litið til siðareglna annarra landa.

Dómsmálaráðuneytið skipaði nefnd til að fara yfir gögn og gera tillögu að reglum um hljóðritun lögreglu yfirheyrsla. Í nefndinni var yfirlögregluþjónn frá ríkislögreglustjóra, saksóknari frá embætti ríkissaksóknara og yfirlögregluþjónn hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Aflað var upplýsinga, bæði innlands og erlendis, um fyrirkomulag yfirheyrsla sem byggt var á í tillögu nefndarinnar til dómsmálaráðuneytisins.



## Fíkniefnastofa

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar í fíkniefnamálum á síðustu misserum þar sem m.a. hefur verið lögð aukin áhersla á upplýsingaöflun og endurmenntun. Þannig fór starfsmaður fíkniefnastofu til að mynda á námskeið við skóla DEA (Drug Enforcement Administration) fyrir millistjórnendur í fíkniefnalöggæslu.

## Samræmdar aðgerðir í fíkniefnamálum

Á árinu voru lögreglustjórum kynntar nýjar áherslur í fíkniefnamálum þar sem m.a. er leitast við að virkja fíkniefnalöggæslu enn frekar. Í framhaldinu átti fulltrúi fíkniefnastofu fundi með lögreglustjórum og öðrum starfsmönnum embættanna um markmið og leiðir. Varð þessi áherslubreyting m.a. til þess að auka afskipti lögreglu af fíkniefnamálum verulega.

Í ljósi reynslunnar og eftir viðtöl við lögreglustjórana um framkvæmd fíkniefnaeftirlits voru reglur ríkislögreglustjóra um samræmdar aðgerðir í fíkniefnamálum teknar til endurskoðunar.

## Fíkniefnaeftirlit í fangelsum

Að ósk dómsmálaráðuneytisins athugaði embættið möguleika á auknu fíkniefnaeftirliti í fangelsum landsins. Niðurstaðan var sú að keypt var sérstakt fíkniefnaleitartæki og samningur gerður um greiðan aðgang fangelsanna að fíkniefnaleitarhundum. Fíkniefnaleitartækið er mjög fullkomið og er einnig notað við sprengjuleit, svo sem vegna öryggisgæsluverkefna.

## Forvarnir

Í febrúar 2003 gáfu ríkislögreglustjóri og Námsgagnastofnun út kennsluefni fyrir lögreglu-  
menn til að nota í leikskólum og grunnskólum og kynningarefni til að miðla foreldrum um  
vímuefnaneyslu barna. Með þessu var leitast við að styrkja og samræma störf lögreglu  
að forvarna- og fræðslustarfi.

### Samstarfsverkefni

Komið var á fót samstarfshópi ríkislögreglustjóra og Sambands íslenskra tryggingafélaga  
(SÍT), Vátryggingafélags Íslands hf., Sjóváar-Almennt trygginga hf. og Tryggingamið-  
stöðvarinnar hf. með það að markmiði að vinna að fækkun umferðarslysa. Byrjað var  
á að vinna að undirbúningi aðgerða gegn notkun farsíma við akstur án handfrjáls  
búnaðar.

Á árinu skipaði dómsmálaráðherra fimm manna nefnd sem hefur það hlutverk að  
fara yfir og fylgjast með tilraunaverkefninu Hringnum í Grafarvogi, sem er samstarfs-  
verkefni lögreglunnar í Reykjavík og Miðgarðs um nýjar leiðir vegna afbrota ósak-  
hæfra ungmenna. Nefndinni ber að leggja mat á reynsluna af þessu verkefni og hvort  
rétt sé að taka slíkt fyrirkomulag upp almennt við meðferð mála ósakhæfra ungmenna.  
Nefndinni, sem stýrt er af starfsmanni ráðuneytisins, var einnig falið að leggja mat á  
hvort rétt sé að taka upp sambærileg úrræði við sakhæf ungmenni og gera tillögur að  
lagabreytingum ef það verður niðurstaðan. Fulltrúi embættisins á sæti í nefndinni.

Dómsmálaráðuneytið fól embætti ríkislögreglustjóra að taka þátt í samstarfi við  
afbrotavarnaráð á Norðurlöndunum fyrir Íslands hönd. Öll Norðurlöndin að Íslandi  
undanskildu hafa sérstök afbrotavarnaráð.

### Úttekt á hverfalöggæslu

Úttekt var gerð á hverfalöggæslu og svæðabundinni löggæslu í Reykjavík og víðar á  
landinu. Er verið að skoða hvernig megi þróa þennan þátt í starfsemi lögreglunnar. Þá  
var sótt námskeið í Hollandi á vegum CEPOL (European Police College network) um  
hverfalöggæslu. Er þetta þáttur í því að vinna að samræmdri stefnumótun um forvarnir  
fyrir öll lögregluumdæmi landsins.

## Innra eftirlit

### Framkvæmd útlendingaeftirlits

Fyrri hluta árs 2003 skipaði ríkislögreglustjóri nefnd, með fulltrúa embættisins ásamt  
fulltrúum frá Útlendingastofnun, lögreglunni í Reykjavík, sýslumanninum á Keflavíkur-  
flugvelli og lögreglunni á Seyðisfirði, til að gera úttekt á framkvæmd útlendinga-  
eftirlits og skila tillögum um úrbætur. Einn þáttur í þessari vinnu var að bregðast við  
komu ferjunnar Norrænu til Seyðisfjarðar, en fyrirséð var að farþegum fjölgaði mikið  
með nýju og stærra skipi.

## Leiðbeiningar um fjölmiðlasamskipti

Gerð var úttekt á því hvernig lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins framfylgdu leiðbeiningum ríkislögreglustjóra um fjölmiðlasamskipti. Má af úttektinni ráða að almennt hafi lögregluembættin leiðbeiningar ríkislögreglustjóra til hliðsjónar, ýmist með skriflegum reglum eða munnlegum fyrirmælum. Niðurstaða úttektarinnar og ábendingar til lögreglustjóranna um hvernig megi enn bæta samskiptin og upplýsingaflæði til fjölmiðla var síðan kynnt lögreglustjórunum.

## Samstarf lögreglu og sveitarfélaga

Á árinu var gerð úttekt á því hvernig ákvæðum 12. greinar lögreglulaga um samstarf lögreglu og sveitarfélaga væri framfylgt. Ennfremur var leitað eftir afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga til samstarfsnefnda lögreglu og sveitarfélaga. Nefndir höfðu verið skipaðar í 14 lögregluumdæmum og voru sjö þeirra með virka starfsemi. Aðrar komu aðeins saman í upphafi eða hafa ekki haldið fundi á síðustu tveimur árum. Viðbrögð lögreglustjóra hafa verið góð við fyrirspurn embættisins og hafa nú flestir lögreglustjórar óskað eftir tilnefningu í samstarfsnefnd.

## Rannsóknarnefnd umferðarslysa

Í ársskýrslu rannsóknarnefndar umferðarslysa fyrir árið 2002 er hörð gagnrýni á lögreglu og ákærvald fyrir rannsóknir á banaslysum á árunum 1998–2002. Segir nefndin í skýrslu sinni að frá þeim tíma er hún hóf störf og fór að koma ábendingum sínum á framfæri hafi þess ekki orðið vart að réttarvörslukerfið hafi brugðist við ábendingum nefndarinnar með fullnægjandi hætti og enn þurfi rannsóknarnefndin að fjalla um banaslys í umferðinni þar sem rannsóknargögn uppfylli ekki þær kröfur sem gera þarf til slíkra gagna. Við nánari athugun ríkislögreglustjóra á því hverju þetta sætti kom í ljós að lögreglustjórar voru almennt ekki látnir vita um athugasemdir við einstök mál, þó svo að þess væru dæmi. Í framhaldinu tók framkvæmdastjóri nefndarinnar saman athugasemdir hennar vegna banaslysanna og afhenti ríkislögreglustjóra, auk rannsóknargagna lögreglu. Þetta var síðan yfirfarið hjá embættinu og unnin samantekt úr upplýsingunum og athugasemdum nefndarinnar komið á framfæri við viðkomandi lögreglustjóra. Var þetta unnið í samvinnu við nefndina og ríkissaksóknara sem liður í innra eftirliti ríkislögreglustjóra.

## Tölfræði og rannsóknir

Árið 2003 var áfram stuðlað að bættu aðgengi að tölfræðiupplýsingum og rannsóknum á sviði afbrota. Félagsfræðingur embættisins flutti nokkur erindi á ráðstefnum, bæði innlendum og erlendum, þar sem fjallað var m.a. um afbrot ungmenna og mat almennings á eigin öryggi. Þá voru birtar greinar í íslenskum og erlendum fræðitímaritum um þetta efni.



## Rannsókn á aksturshegðun

Á árinu var unnið að rannsókn á aksturshegðun ungs fólks en sú rannsókn byggist annars vegar á hraðamælingum og hins vegar á spurningalistakönnun meðal nemenda í framhaldsskólum og Háskóla Íslands. Niðurstöður hraðamælinga benda til þess að ekki sé munur á aksturshraða karla og kvenna. Hins vegar er líklegra að karlar séu teknir fyrir of hraðan akstur en konur, en þeir eru að sama skapi mun fleiri í umferðinni. Þannig voru konur 49% ökumanna á þeim svæðum þar sem hámarkshraði var 30 km/klst. en 24% ökumanna á svæðum þar sem hámarkshraði var 90 km/klst. Þegar á heildina er litið voru konur um 32% ökumanna.

## Tæknirannsóknastofa

Verkefnum tæknirannsóknastofu fjölgaði nokkuð á síðasta ári eða úr 489 í 544. Munar þar einna mest um fjölgun verkefna er snúa að fingrafararannsóknnum (sjá töflu 8).

Tafla 8. Viðfangsefni tæknirannsóknastofu 2001 til 2003

	2003	2002	2001
Aðstoð vegna brunarannsókna	1	8	5
Aðstoð vegna fingrafararannsókna	394	345	231
Aðstoð við rannsókn á kynferðismálum eða öðrum árásarmálum	2	1	4
Aðstoð við rannsókn á manndrápsmálum		3	3
Aðstoð við leit í myndasafni, sakbendingu, myndbendingu	7	8	7
Aðstoð vegna samanburðarrannsókna	27	18	25
Aðstoð við rannsókn á skjölum	42	35	33
Ýmislegt annað	71	71	49
<b>Samtals</b>	<b>544</b>	<b>489</b>	<b>357</b>

## Námskeið

Á síðasta ári héldu Brunamálastofnun og tæknirannsóknastofa ríkislögreglustjóra námskeið um brunarannsóknir. Þátttakendur komu frá Löggildingastofu, lögregluembættum, slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, auk Brunamálastofnunar og frá ríkislögreglustjóra. Á ráðstefnunni hélt sænskur sérfræðingur á þessu sviði fyrirlestur um framkvæmd brunarannsókna í Svíþjóð og nám sérfræðinga lögreglu og slökkviliðs í þeim efnum. Þá var farið yfir efni handbókar um brunarannsóknir sem ríkislögreglustjóri gaf nýlega út. Ennfremur kynnti yfirverkfræðingur Brunamálastofnunar tölfraeðiupplýsingar um bruna- og manntjón.



## Rafræn fingrafarskrá

Á árinu 2003 var haldið áfram rafrænni skráningu fingrafara. Alls bárust til rannsóknar 110 vettvangsför og leiddi leit í fingrafarskránni til þess að 17 aðilar samkenndust við vettvangsförin. Við árslok 2003 höfðu 1.570 fingraför brotamanna verið skráð.

## EURODAC

Klukkan 12.00 hinn 15. janúar 2003 var opnaður fingrafarabanki Evrópusambandsins sem hefur það hlutverk að halda utan um fingraför hælisleitenda og þeirra sem dveljast ólöglega innan sambandsins eða Íslands eða Noregs. Gagnabankinn byggist á Dublinar-sáttmálanum en þar er kveðið á um hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli.

Fingrafarabankinn, sem er rafrænn, sjálfvirkur, miðlægur gagnagrunnur, geymir upplýsingar um kynferði, hvar og hvenær sótt er um hæli auk fingrafara allra 14 ára og eldri. Sæki einstaklingur um hæli er sjálfvirkt leitað að samstæðu og finnst hún er honum tilkynnt að fjallað verði um hælisumsókn hans í því landi sem hann hafði áður sótt um hæli í.

Með þessum hætti er aðildarríkjum unnt að komast að því hvort viðkomandi hælisleitandi eða aðili ólöglegur á landamærum hefur áður sótt um hæli.

Á árinu 2003 voru för 29 einstaklinga send héðan til Eurodac og kom í ljós að sjö þeirra höfðu sótt um hæli annars staðar.



## Breytingar á fyrirkomulagi tæknirannsókna

Árið 1999 skipaði ríkislögreglustjóri nefnd til að móta framtíðarstefnu tæknirannsókna hér á landi. Hinn 24. september 2003 skiluðu fjórir nefndarmenn af fimm samhljóða tillögum að breyttu fyrirkomulagi tæknirannsókna. Einn nefndarmanna skilaði séráliti. Breytingarnar fela aðallega í sér að samanburðarrannsóknir sem tæknirannsóknastofa ríkislögreglustjóra hefur annast fyrir landið allt færast til tæknideildar lögreglustjórans í Reykjavík. Ennfremur að tæknirannsóknastofa, sem fái nafnið tæknistofa frá 1. janúar 2004, hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu á landsvísu, þar með talið að starfrækja miðlæga gagnagrunna lögreglu á sviði tæknirannsókna, annast erlent samstarf og samskipti vegna tæknirannsókna, halda skrá um horfið fólk og hafa umsjón með störfum kennslanefndar (ID-nefnd) og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur.

## ID-nefndin

Rannsóknarnefnd sem hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn lauk athugun á tveimur málum sem lögð voru fyrir nefndina 2003. Fyrra málið snerist um rannsókn á þremur mannabeinum sem komu í ljós þegar unnið var að endurbótum á þaki íbúðarhúss í Reykjavík síðastliðið vor. Þótti sennilegt að beinin kæmu úr fornnum kirkjugarði og væru fornminjar í skilningi þjóðminjalaga. Seinna málið sem lagt var fyrir nefndina laut að auðkenningu látins manns sem leitað hafði verið víða um land og fannst á vor-mánuðum í Hrunamannahreppi.

Árlegur fundur norrænu nefndanna var að þessu sinni haldinn í Svíþjóð og sóttu réttarlæknir og tannlæknir nefndarinnar fundinn. Þá sátu tveir nefndarmenn árlegan vinnufund Alþjóðasambands sakamálaögreglu sem haldinn var með fulltrúum 30 aðildarlanda í höfuðstöðvum Interpol í Lyon í Frakklandi.





## SVIÐ 5

Að þessu sinni hefur verið ákveðið að gera sérstaklega grein fyrir þrem þáttum í starfsemi sviðs 5 sem eru rannsókn og saksókn efnahagsbrota, peningaþvætti og rannsóknar- aðstoð við lögreglustjóraembættin.

### Rannsókn og saksókn efnahagsbrota

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra rannsakar umfangsmikil afbrot á sviði fjármála og viðskipta og hefur frá 1998 til 2003 ákært í 224 sakamálum. Dómur hefur fallið í 218 málum og var sakfellt í 95% tilvika.

Um mjög ólík mál er að ræða en frekari afmörkun þeirra verkefna sem deildinni ber að taka til meðferðar er sett fram í reglugerð um rannsókn og saksókn efnahagsbrota nr. 406/1997. Þar eru ákveðnir málaflokkar sérstaklega nefndir, svo sem brot á skattalögum, lögum um gjaldeyrismál, verðbréfa- og lánaviðskiptum, stjórn fiskveiða og tollsvik, í þeim tilvikum sem brot eru framin í hagnaðarskyni. Þá ber að líta til umfangs rannsókna, hversu margslungið mál er, um hve mikil verðmæti og fjármuni er að ræða, hvort mál eða viðskipti, sem rannsókn lýtur að, tengist öðrum löndum, hvort um er að ræða brotastarfsemi í atvinnurekstri eða aðra skipulagða brotastarfsemi, hvort mál hefur grundvallarþýðingu ef tekið er mið af almannahagsmunum og hvort það hefur fordæmisgildi.

Eitt eða fleiri þessara atriða eiga við um þau viðfangsefni sem efnahagsbrotadeildin tekur eða fær til meðferðar. Síðastgreinda atriðið á þó undantekningarlítið við, þ.e.a.s. stór hluti viðfangsefna deildarinnar hefur ekki áður verið viðfangsefni lögreglu eða dómstóla og oftast varða þau almannahagsmuni og meðferð þeirra og úrlausn hefur fordæmisgildi. Til þess að fjalla um viðfangsefni deildarinnar þetta árið er rétt og eðlilegt að fjalla um nokkur mál sem hvert og eitt bera þessi einkenni. Öll þessi mál hafa vakið athygli og fengu á sig heiti í umfjöllun fjölmiðla sem rétt er að nota hér.

## Mál sjóðsstjóra hjá Kaupþingi

Ríkislögreglustjóri ákærði í júnímánuði þrjá menn; sjóðsstjóra hjá Kaupþingi, gjaldkera í Íslandsbanka og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðsins Hlífar. Sjóðsstjórinn var í fyrsta lagi ákærður fyrir umboðssvik með því að hafa í fimm skipti á árunum 2000–2001 misnotað aðstöðu sína sem sjóðsstjóri til að stunda viðskipti f.h. þriggja lífeyrissjóða og tveggja annarra viðskiptavina Kaupþings, gagngert til þess að auðgast á kostnað þessara aðila. Ákærða hafði í starfi sínu hjá Kaupþingi verið treyst til að ávaxta fé framangreindra viðskiptavina með viðskiptum í hlutabréfum. Hann auðgaðist með því að kaupa í fjögur skipti hlutabréf f.h. framangreindra aðila á yfirverði og selja í eitt skipti hlutabréf úr safni eins viðskiptavinar á undirverði, þannig að hann auðgaðist þegar hann seldi bréfin til þriðja aðila. Ávinningur sjóðsstjórans nam rúmum 4,4 milljónum króna.

Í öðru lagi var sjóðsstjóranum gefið að sök að hafa brotið gegn lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti með markaðsmisnotkun þar sem hann í tengslum við tvenn af framangreindum viðskiptum keypti í nokkur skipti hlutabréf á yfirverði í sömu félögum fyrir lágar fjárhæðir. Kaupin gerði ákærði f.h. viðskiptavina sem hann fór með sjóðsstjórn fyrir, gagngert til að hækka skráð gengi hlutabréfanna á markaði og leyna því þannig að hann var á sama tíma að kaupa hlutabréf í sömu félögum á yfirverði af kunningja sínum. Umrædd viðskipti töldust ólögleg þar sem með þeim voru höfð óeðlileg áhrif á verðmyndun hlutabréfa, enda verð ekki talið byggjast á eðlilegum viðskiptasjónarmiðum um verðgildi hlutabréfa, svo sem afkomu eða væntingum til viðkomandi hlutafélags.

Í þriðja lagi var sjóðsstjóranum gefið að sök að hafa brotið gegn lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Þar er lagt bann við því að lífeyrissjóðir fjárfesti umfram 5% af heildareign sinni í óskráðum verðbréfum. Brotin framdi sjóðsstjórinn með því að kaupa hlutabréf í óskráðu félagi fyrir hönd Lífeyrissjóðs Austurlands en þegar viðskiptin voru gerð var hlutur óskráðra verðbréfa í eignasafni Lífeyrissjóðsins langt yfir lögbundnu hámarki.

Fyrirum framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Hlífar var ákærður fyrir peningþvætti þegar hann í tengslum við tvö af framangreindum fimm umboðssvikabrotum heimilaði sjóðsstjóranum, sem er sonur hans, að leggja andvirði seldra hlutabréfa, þar á meðal ávinning sjóðsstjórans af brotunum, inn á bankareikning Lífeyrissjóðsins. Hann millifærði andvirðið síðan áfram inn á bankareikninga kunningja sjóðsstjórans. Með þessu tók hann við og aðstoðaði son sinn við að flytja ávinning af brotum hans.

Starfsmaður í Íslandsbanka var einnig ákærður fyrir peningþvætti. Hann var talinn hafa aðstoðað sjóðsstjóranum í fjórum af fimm framangreindum umboðssvikum við að tryggja og koma undan ávinningi af brotunum. Þetta gerði hann með því að heimila sjóðsstjóranum að leggja andvirði seldra hlutabréfa, sem sjóðsstjórinn keypti og seldi í hans nafni, inn á bankareikninga sína. Hann afhenti sjóðsstjóranum síðar andvirðið að frádreginni þóknun sem nam samtals rúmlega 400.000 krónum.

Dómur var kveðinn upp 3. desember 2003. Sjóðsstjórinn var sakfelldur í samræmi við ákæru og hlaut 12 mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár. Starfsmaðurinn í Íslandsbanka var einnig sakfelldur og hlaut þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Fyrrum framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Hlifar var sýknaður enda taldi dómurinn ekki fyllilega sannað að hann hefði vitað að umrætt fé var að hluta ávinningur af refsilagabrotum. Dómnum var ekki áfrýjað.

### Sérstaða málsins

Mál þetta er um flest hið merkilegasta með tilliti til laga um varnir gegn peningabætti og nýmæla sem í þeim koma fram. Upphaf þessa máls má rekja til tilkynningar Íslandsbanka hf. um grunsamlegar millifærslur inn á bankareikning þeirra eigin starfsmanns. Óhætt er að fullyrða að mál þetta hefði aldrei verið upplýst nema vegna árvekni starfsmanns Íslandsbanka þar sem brotin voru þess eðlis að erfitt var að sjá þau innan um mörg hundruð viðskiptafærslur sem sjóðsstjórinn hafði á hendi á sama tíma.

Þetta er í fyrsta skipti sem dómur fellur vegna brota gegn lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Athygli vekur að ekki þótti skipta máli að upplýsingar um eign lífeyrissjóðsins í óskráðum félögum lágu ekki fyrir en dómurinn virðist ganga út frá því að heimild til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum sé undantekningarregla og ekki sé heimilt að fjárfesta í slíkum bréfum nema öruggt sé að hlutfall þeirra sé undir 5%. Þá er þetta í fyrsta skipti sem dæmt er hér á landi fyrir svokallaða markaðsmisnotkun, sbr. 41. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfiðskipti. Með markaðsmisnotkun er átt við það þegar viðskipti með eða tilboð í verðbréf leiða til, eða eru líkleg til að leiða til, óeðlilegs verðs á þeim eða gefa framboð, eftirspurn eða verð bréfanna ranglega eða misvísandi til kynna, sem og þegar orðrómi eða fréttum er dreift í sama skyni.

### Fasteignasalamálið

Ríkislögrelustjóri ákærði í desembermánuði fasteignasalann í Fasteignasölu Holti ehf. vegna stórfellds fjárdráttar, fjárvika og skjalafals. Fasteignasalinn hafði samtals rúmlega 158 milljónir króna af viðskiptavinum fasteignasöluinnar á árinu 2002. Fjárdrátturinn nam rúmlega 62 milljónum króna en fjárvikin og skjalafalsið rúmum 96 milljónum króna. Að auki var fasteignasalinn sakaður um brot gegn lögum um virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda með því að hafa ekki í rekstri Holts ehf. staðið innheimtumanni ríkissjóðs skil á rúmlega 5,6 milljónum króna af afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatti.

Dómur í máli þessu var kveðinn upp 3. mars 2004 og var ákærði dæmdur í þriggja ára og sex mánaða fangelsi og sekt að fjárhæð 11,3 milljónir króna en sé hún ekki greidd sæti hann sex mánaða fangelsisvist til vara. Auk þessa var hann með dómi sviptur ævilangt löggildingu til að gegna starfi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali og dæmdur til greiðslu skaðabóta. Dómi þessum var ekki áfrýjað.

### Sérstaða málsins

Mál þetta er alvarlegasta mál sinnar tegundar hér á landi, auk þess sem refsingin er sú þyngsta sem dæmd hefur verið vegna auðgunar- og skjalafalsbrota.

## Mál Valeikur ehf. og Sæunnar Axels ehf. – röng tilgreining á uppruna sjávarafurða við útflutning til Evrópusambandsins

Ríkislögreglustjóri ákærði í september 2002 þrjá framkvæmdarstjóra útflutningsfyrirtækisins Valeikur ehf. og fiskvinnslufyrirtækisins Sæunnar Axels ehf. Ákærðu var gefið að sök að hafa sammælt um að flytja á árunum 1998 og 1999, í samtals 76 skipti, rúmlega 803 tonn af söltuðum þorskafurðum til fimm landa Evrópusambandsins. Afurðirnar voru unnar úr þorski sem Valeik ehf. flutti inn heilfrosinn frá Alaska og Rússlandi og þíddur var upp hjá Sæunni Axels ehf. og flattur/flakaður og saltaður. Að lokinni þessari vinnslu flutti Valeik ehf. afurðirnar út sem íslenskar. Með þessu nutu afurðirnar tollfrelsis á grundvelli EES-samningsins í stað þess að bera 13–20% toll sem vörur upprunnar utan EES-svæðisins bera, alls rúmlega 56 milljónir króna í þessu tilviki.

Mál þetta var dómtekið og flutt fyrir Héraðsdómi Reykjaness í apríl 2003. Ágreiningur í málinu snérist meðal annars um hvort sú vinnsla sem fram fór hjá Sæunni Axels ehf., þ.e. þíðing, flökun/flatning, snyrting og söltun, væri nægjanleg til að afurðirnar gætu talist upprunnar á Íslandi og þar með uppfyllt skilyrði til að njóta tollfrelsis við innflutning til Evrópusambandslanda. Tollfrelsið byggist á samningi Íslands við Evrópusambandið, þ.e. bókun 9 við EES-samninginn og ákvæði Fríverslunarsamnings Íslands og Evrópusambandsins frá 1972 sem tryggja íslenskum sjávarafurðum tollfríðindi, en það sama á ekki við um fiskafurðir sem aflað er utan lögsögu EES-rikkjanna af skipum annarra þjóða.

### Sérstaða málsins

Í þessu máli leitaði dómurinn ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í Luxemborg um skýringu á þeim upprunareglum sem framangreindir samningar geyma. Heimild til að leita til EFTA-dómstólsins byggist á 34. gr. samnings EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstólsins, frá 1992. Í 34. gr. er heimild fyrir dómstóla aðildarríkja EFTA til að vísa beiðnum til EFTA-dómstólsins um ráðgefandi álit á skýringu EES-samningsins og reglna sem á honum byggjast. Umrætt ákvæði hefur það að markmiði að tryggja einsleita framkvæmd EES-reglna á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Föstudaginn 24. október sl. fór fram málflutningur fyrir EFTA-dómstólnum vegna þessa máls þar sem sækjandi, tveir verjenda og fulltrúar íslensku ríkisstjórnarinnar, ESA og Framkvæmdastjórnar ES nýttu rétt sinn til að flytja fram sin sjónarmið í málinu. Þetta var fyrsta refsímálið sem kemur til kasta dómstólsins. Niðurstaða EFTA-dómstólsins lá fyrir 12. desember sl. og féllst dómurinn að mestu á sjónarmið fulltrúa ríkislögreglustjóra um svör við spurningum Héraðsdóms.

Dómur í málinu var kveðinn upp 24. mars 2004 og voru allir ákærðu sakfelldir. Dómurinn byggist á skýringu á upprunareglum EFTA-dómstólsins á svörum við spurningum þeim sem Héraðsdómur beindi til hans. Framkvæmdastjóra Valeikur ehf. var gert að greiða 3 milljónir króna í sekt en sæta ella fimm mánaða fangelsi. Öðrum framkvæmdastjóra Sæunnar Axels ehf. var gert að greiða 2 milljónir króna í sekt en sæta ella þriggja mánaða fangelsi en hinum var gert að greiða 1 milljón króna í sekt en sæta ella þriggja mánaða fangelsi. Mál þetta er annað sinnar tegundar sem dæmt hefur verið í á Íslandi. Dómar í samskonar málum hafa ekki gengið í Noregi þrátt fyrir



að Noregur sé einnig aðili að EES-samningnum og samskipti norskra og rússneskra útgerða mikil.

## Kvótamál – Veiðar umfram kvóta, umboðssvik og stórfelld skattalagabrot

Ríkislögreglustjóri ákærði í júnímánuði sex einstaklinga og fjögur einkahlutafélög vegna ólöglegra veiða umfram aflaheimildir. Ákærðu voru ýmist forsvarsmenn útgerðarfyrirtækjanna fjögurra, auk eins annars einkahlutafélags sem úrskurðað hafði verið gjaldþrota og var því ekki ákært, eða skipstjórar þeirra skipa sem í hlut áttu. Auk brota gegn fiskveiðistjórnunarlögunum voru tveir ákærðu sakaðir um umboðssvik og brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa veitt langt umfram veiðiheimildir skips sem þeir höfðu á leigu sem varð til þess að það var svipt veiðileyfi. Eigandi skipsins þurfti að kaupa veiðiheimildir í því skyni að fá aftur útgefið veiðileyfi á það, eftir að sakborningar skildu við skipið. Sömu tveir ákærðu voru einnig sakaðir um stórfelld skattalagabrot sem framin voru í rekstri tveggja einkahlutafélaga sem lýst höfðu verið gjaldþrota, en þeir stóðu innheimtumanni ríkissjóðs ekki skil á virðisauka-skatti og staðgreiðslu opinberra gjalda, samtals 17.244.489 krónur. Samtals héldu sakborningar skipunum til veiða í 137 daga án aflaheimilda og öfluðu samtals rúmlega 631 tons af fiski, aðallega þorski og ýsu sem þeir höfðu ekki aflaheimild fyrir. Dómkvaddur matsmaður mat verðmæti aflans á rúmlega 101 milljón króna, sem eru verðmæti þau sem hinir brotlegu sóttu á ólöglegan hátt í sameiginlega fiskistofna.

Héraðsdómur Vesturlands kvað upp dóm í málinu hinn 31. október. Fimm ákærðu og þrjú af félögunum voru sakfelld í samræmi við ákæru. Einn hinna ákærðu hlaut sex mánaða fangelsi auk 20 milljóna króna í sekt en sæti 12 mánaða fangelsi verði sektin ekki greidd. Annar hlaut þriggja mánaða fangelsi auk 18 milljóna króna í sekt en sæti 12 mánaða fangelsi sé sektin ekki greidd. Þriðji hlaut tveggja mánaða fangelsi skil-orðsbundið í tvö ár auk 800.000 króna í sekt en 72 daga fangelsi til vara. Fjórði hlaut



eins mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár auk 600.000 króna í sekt og 56 daga fangelsi til vara. Fimmti hlaut 800.000 krónur í sekt en 72 daga fangelsi til vara. Sjötti var sýknaður. Einkahlutafélögin þrjú sem voru sakfelld hlutu sekt, að fjárhæð 400.000 krónur hvert, en eitt var sýknað. Auk framangreinds var einum dæmdu gert að greiða Landsbanka Íslands hf. skaðabætur að fjárhæð 13,7 milljónir króna og öllum dæmdu, auk einkahlutafélaganna, í misjöfnum mæli gert að þola upptöku andvirðis ólögmæts sjávarafla, samtals að fjárhæð rúmlega 101 milljón króna. Dómnum var áfryjað að því er varðar þátt tveggja hinna dæmdu.

### Sérstaða málsins

Mál þetta varðar umfangsmestu veiðar umfram kvóta sem ákært hefur verið fyrir hér á landi, auk þess sem í máli þessu var um skipulagða brotastarfsemi að ræða þar sem brotamenn notuðu hvert einkahlutafélagið og skipið á fætur öðru til brota. Dæmdar upptökukröfur eru einnig með þeim hærri sem sést hafa.

### Umhverfisbrot í Vesturbyggð

Ríkislögreglustjóri ákærði í febrúarmánuði tvo einstaklinga og sveitarfélagið Vesturbyggð vegna brota gegn lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hin meintu brot vörðuðu ólögmæta urðun annars ákærðu á brotajárnsúrgangi á árinu 2001. Úrgangurinn hafði safnast upp við Bildudal í Vesturbyggð og tók annar ákærðu að sér að urða úrganginn ofan í fjöru á jörð móður sinnar í Fossfirði, að ósk þáverandi bæjarstjóra Vesturbyggðar sem var hinn ákærði í málinu. Mönnunum ásamt sveitarfélaginu var gefið að sök að hafa staðið að framangreindum framkvæmdum án tilskilins starfsleyfis.

Dómur í málinu gekk 18. júlí og voru öll ákærðu sakfelld. Hlaut sá mannanna sem tekið hafði að sér að urða úrganginn 200.000 króna sekt en 30 daga fangelsisrefsingu til vara, bæjarstjórinn fyrrverandi hlaut 400.000 króna sekt en 45 daga fangelsisrefsingu til vara og Vesturbyggð hlaut 800.000 króna sekt. Dómnum var ekki áfryjað.

### Sérstaða málsins

Mál þetta hefur mikla sérstöðu en þetta mun vera í fyrsta skipti sem sveitarfélag er dæmt til refsingar hér á landi. Auk þess sem þetta er fyrsti dómurinn vegna brota gegn lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir frá 1998 og forvera þeirra, laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, vegna brota sem varða mengun og ólögmæta meðferð á úrgangi. Dómur þessi ætti að vera þörf áminning til allra þeirra sem annast urðun og meðferð úrgangs.



## Landssímamálið

Í lok maímánaðar leituðu forsvarsmenn Landssíma Íslands hf. til ríkislögreglustjóra vegna grunsemda um að einn af lykilstarfsmönnum fyrirtækisins hefði um langt skeið dregið sér fjármuni frá félaginu. Strax við frumrannsókn styrktust grunsemdir um hundruða milljóna króna fjárdrátt og að fleiri en starfsmaður fyrirtækisins tengdust brotunum. Krafist var gæsluvarðhalds yfir starfsmanni Landssímans, sem var gjaldkeri fyrirtækisins, og þrem mönnum, sem taldir voru tengjast málinu, einkum til þess að koma í veg fyrir að þeir gætu spillt rannsókn málsins. Í ljós kom að starfsmaðurinn hafði gert margvíslegar breytingar sem höfðu áhrif á tölvuvinnslu í greiðslukerfi fyrirtækisins og með því tekist að færa fjármuni af reikningum félagsins án þess að það kæmi í ljós við skoðun bókhalds eða hreyfingalista.

Fimm einstaklingar voru ákærðir í þessu máli. Einn hinna ákærðu var sakaður um að hafa dregið sér frá Landssímanum rúmlega 260 milljónir króna á tæplega fjögurra ára tímabili. Þrír voru ákærðir fyrir hylmingu með því að hafa veitt viðtöku og notað hluta af því fé sem dregið var og einn var ákærður fyrir peningaþvætti á hluta af þessu fé.

Dómur í málinu var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 23. júní 2004. Sá sem ákærður var fyrir fjárdrátt hlaut fjögurra ára og sex mánaða fangelsi. Tveir þeirra sem ákærðir voru fyrir hylmingu hlutu tveggja ára fangelsisdóm og sá þriðji var dæmdur til átta mánaða fangelsisvistar. Allir voru dómarnir óskilorðsbundnir. Sá sem ákærður var fyrir peningaþvætti var sýknaður þar sem sannað þótti að brotin væru framin af gáleysi en ekki ásetningi eins og ákært var fyrir og fyrningarfrestur þar af leiðandi útrunninn áður en brotið var kært til lögreglu.

## Sérstaða málsins

Sérstaða þessa máls felst einkum í því um hve háa fjárhæð er að ræða en ekki hefur áður verið ákært hér á landi fyrir svo viðamikinn fjárdrátt. Þetta er jafnframt þyngsti dómur sem fallið hefur fyrir fjárdráttarbrot.

## Brottkastsmál Báru ÍS og Bjarma BA

Ríkislögreglustjóri ákærði í febrúarmánuði tvær útgerðir og skipstjóra vegna ólög-  
mæts brottkasts á fiski á árinu 2001. Mál þessi voru sprottin af fréttaumfjöllun í nóv-  
ember 2001 þar sem sýndar voru myndir í sjónvarpi og blöðum af brotunum. Ákæru í  
málunum byggðust á fréttamyndum frá Ríkissjónvarpinu og Morgunblaðinu.

Dómar gengu í málunum 22. maí í Héraðsdómi Reykjavíkur, í máli Báru ÍS, og 8.  
ágúst í Héraðsdómi Vestfjarða, í máli Bjarma BA. Í fyrra málinu var sýknað þar sem  
ekki tókst að sanna að aflinn væri ekki skemmdur eða sýktur, en á þeim tíma var  
heimilt að varpa slíkum afla fyrir borð. Reglugerð var breytt eftir að þessi mál komu  
upp og er nú ekki lengur heimilt að varpa skemmdum og sýktum afla í hafið, heldur  
verður að koma með allan afla að landi. Í máli Bjarma BA var skipstjórinn sakfelldur  
og hlaut hann sekt að fjárhæð 1.000.000 krónur en sæti þriggja mánaða fangelsi sé  
sektin ekki greidd. Dómi skipstjórans á Bjarma BA var áfryjað.

### Sérstaða málsins

Mál Bjarma BA er einungis annað málið sem sakfelld hefur verið í hér á landi vegna  
ólögmæts brottkasts enda erfitt að sanna sekt í þessum málum þar sem einu vitnin  
eru yfirleitt áhafnar meðlimir sem veigra sér oft við að vitna vegna þess að þeir eru  
ýmist gerendur eða eiga atvinnu sína og afkomu undir því að þegja.

## Ætlað samráð oliufélaganna. Brot á samkeppnislögum

Hinn 21. ágúst 2003 fól ríkissaksóknari efnahagsbrotadeild að afla gagna hjá Sam-  
keppnisstofnun um rannsókn stofnunarinnar á ætluðu ólögum samráði oliufélag-  
anna og í framhaldi af því taka ákvörðun um hvort hefja ætti opinbera rannsókn.  
Samkeppnisstofnun afhenti efnahagsbrotadeild skýrslu sína um fyrri frumathugun  
stofnunarinnar og fylgigögn skýrslunnar hinn 9. september. Hinn 29. september tók  
saksóknari efnahagsbrotadeildar ákvörðun um að hefja opinbera rannsókn.

Hinn 5. desember sendi Samkeppnisstofnun skýrslu um seinni frumathugun sína til  
embættis ríkislögreglustjóra. Í janúar 2004 afhenti stofnunin starfsmönnum efnahags-  
brotadeildar þau gögn sem skýrslan er byggð á.

Strax í upphafi var settur á fót rannsóknarhópur innan efnahagsbrotadeildar sem  
hefur unnið að rannsókninni. Rannsóknarhópurinn samanstendur af tveimur lögfræð-  
ingum og fjórum lögreglumönnum sem njóta sérfræðiaðstoðar og ráðgjafar eins lög-  
giltis endurskoðanda. Rannsóknin, sem tekur til árana 1993 til 2002, er mjög um-  
fangsmikil og tímafrek en miðar vel áfram.





## Skattalagabrot

Eins og sjá má af annarri umfjöllun hér um verkefni efnahagsbrotadeildar á árinu 2003 þá er viðfangsefnum sífellt að fjölga og verða æ fjölbreyttari. Skattalagabrot eru þó enn allstór hluti þeirra mála sem deildin fæst við á hverju ári og voru meðal annars 36 mál kærð árið 2003 og 17 ákærur gefnar út. Þá voru 23 dómur vegna skattamála kveðnir upp á árinu. Heildarfjárhæð vangoldinna skattgreiðslna samkvæmt þessum dómum var 156,6 milljónir króna en heildarfjárhæð dæmdra sektargreiðslna var 246,4 milljónir króna.

## Peningaþvætti

Eitt af lögbundnum verkefnum embættis ríkislögreglustjóra er að taka á móti tilkynningum vegna grunsemda um peningaþvætti og vinna úr þeim.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að kynningu og fræðslu um þessi mál í samvinnu við fjármálastofnanir og alla þá sem hafa þær starfsskyldur að tilkynna um peningafærslur eða viðskipti sem eru tortryggileg eða tengjast ekki þekktum og lögmætum viðskiptum. Þetta kynningar- og fræðslustarf hefur borið góðan árangur í baráttu gegn peningaþvætti með peninga eða fjármuni sem grunur er um að sé afrakstur afbrota. Á hverju ári hefur tilkynningum fjölgað verulega jafnframt því sem fleiri sakamál verða til vegna slíkra tilkynninga. Á síðastliðnu ári barst 241 tilkynning sem er u.þ.b. 10% aukning frá fyrra ári. Þessar tilkynningar vörðuðu færslur á fjármunum sem námu 404.241.411 krónum. Að baki þessum tilkynningum voru sextán tilkynnendur. Flestar tilkynningar eru frá bönkum og u.þ.b. helmingur þeirra kemur frá tveim stærstu bönkunum.

## Rannsóknaraðstoð við lögreglustjórana á landsbyggðinni

Rannsóknaraðstoð við lögreglustjóraembættin hefur vaxið verulega síðustu árin og liggja nú tvö til þrjú ársverk í henni. Sú aðstoð er að sjálfsögðu mjög margbreytileg. Nær daglega er veitt aðstoð sem afgreiða má í símtölum við þá sem glíma við hinar ýmsu rannsóknir hjá embættunum. Í mörgum tilvikum koma starfsmenn með viðfangsefni sín til embættisins og vinna að þeim með starfsmönnum ríkislögreglustjóra. Þá hefur færest í vöxt að ýmis atvik máls sem varða sönnun eða sönnunarfærslu megi finna í tölvum og felst aðstoð þá í því að finna slík gögn og tryggja þau sem sönnunargögn. Af ýmsum ástæðum er nauðsynlegt að senda rannsóknarlögreglumenn frá embætti ríkislögreglustjóra til aðstoðar staðarlögreglu. Vegna smæðar ýmissa embætti og umfangs mála þarf oft að styrkja rannsóknarhóp staðarlögreglu með nokkrum rannsóknarlögreglumönnum um lengri eða skemmri tíma en í mörgum tilvikum er eðli máls samkvæmt brýnt að veita aðstoð með skjótum hætti og vinna verkefni á skömmum tíma. Í þeim tilvikum getur reynst nauðsynlegt að senda allt upp í tug fólks á staðinn.





## VIÐAUKI 1

### Fjöldi við störf


Samkvæmt starfsmannaskrá ríkislögreglustjóra voru í upphafi árs 2003 samtals starfandi 678 lögreglumenn á landinu öllu, þar af 19 afleysingamenn án prófs frá Lögregluskóla ríkisins. (Á sama tíma árið 2002 voru 63 án prófs frá Lögregluskólanum). Að auki voru starfandi 85 héraðslögreglumenn og 40 lögreglunemar (sjá töflu 9).

Tafla 9. Fjöldi við störf\* í upphafi árs 2003 samkvæmt skrá ríkislögreglustjóra



	Yfirlögregluþjónn	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	Aðalvarðstjóri / Lögr. ftr.	Varðstjóri / Rannsóknarlögr. m.	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumaður	Samt. menntaþir lögr. menn	Afleysingamaður	Samtals lögreglumenn	Héraðslögreglumaður	Lögreglunemi	Alls
Akranes	1		1	4		6	12		12			12
Akureyri	1	1	1	9	5	13	30		30	1		31
Blönduós	1			2		2	5	1	6	5		11
Bolungarvík				1		1	2		2	3		5
Borgarnes	2			2	1	3	8		8	4		12
Búðardalur				1			1		1	4		5
Eskifjörður	1		2	2	2	1	8	1	9	9		18
Hafnarfjörður	2	2	1	11	6	18	40		40			40
Hólmavík				1	1		2		2	3		5
Húsavík	1			4	1	3	9		9	6		15
Hvolsvöllur			1	1		1	3		3	3		6
Höfn				1	1	1	3	1	4	4		8
Ísafjörður	1		1	5		5	12	1	13	4		17
Keflavík	1	2	4	10	4	16	37		37			37
Keflavíkflugvöllur	1	3	12	6	2	13	37	10	47			47
Kópavogur	1	2	1	9	3	12	28		28			28
Lögregluskólinn	2		6				8		8		40	48
Ólafsfjörður				1		1	2		2	2		4
Patreksfjörður			1	1			2	2	4	6		10
Reykjavík	2	8	26	134	2	110	282		282			282
Ríkislögreglustjórinn	3	10	32	10	3	1	59		59			59
Sauðárkrúkur	1		1	3		4	9		9	9		18
Selfoss	1	1	1	7	4	14	28		28			28
Seyðisfjörður				4	2	1	7		7	10		17
Siglufjörður			1	1		2	4		4	3		7
Snæfellsnes	1			2	1	2	6	3	9	6		15
Vestmannaeyjar	1		1	4		6	12		12			12
Vík			1	1		1	3		3	3		6
<b>Alls</b>	<b>24</b>	<b>29</b>	<b>94</b>	<b>237</b>	<b>38</b>	<b>237</b>	<b>659</b>	<b>19</b>	<b>678</b>	<b>85</b>	<b>40</b>	<b>803</b>

\* Um er að ræða alla þá sem eru á launaskrá óháð því hvort þeir eru frá störfum vegna tímabundinna veikinda eða af öðrum sökum.



Mynd 6. Hlutfall kvenna af heildarfjölda starfandi lögreglumanna eftir stöðuheitum

Við upphaf árs voru 728 karlmenn og 75 konur við störf (sjá töflu 10). Hlutfall kvenna af heildarfjölda starfandi lögreglumanna var því 9,3% (sjá mynd 6) sem er svipað og árið á undan er þær voru 9,1%. Þetta er veruleg aukning frá árinu 1997 er hlutfall kvenna var 4,3%.

Meðalaldur starfandi lögreglumanna við upphaf árs 2003 var 41 ár sem er svipað og árið á undan. Við nánari skoðun kemur í ljós að meðalaldur menntaðra lögreglumanna var 43 ár, afleysingamanna 29 ár, héraðslögreglumanna 22 ár og nema í Lögregluskólanum 26 ár.



Tafla 10. Fjöldi við störf við upphaf árs 2002 og 2003

	2003		2002	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Yfirlögregluþjónn	24	0	22	0
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	28	1	30	1
Aðalvarðstjóri/Lögreglufulltrúi	87	7	83	4
Varðstjóri/Rannsóknarlögreglumaður	222	15	222	10
Aðstoðarvarðstjóri	38	0	50	3
Lögreglumaður	203	34	165	25
Afleysingamaður	18	1	49	14
Héraðslögreglumaður	81	4	91	6
Lögreglunemi	27	13	36	12
<b>Samtals</b>	<b>728</b>	<b>75</b>	<b>748</b>	<b>75</b>



**VIÐAUKI 2**

Tafla 11. Leyfi sem gefin voru út hjá embættinu skv. vopnalögum á árunum 2001 til 2003

<b>Eðli leyfis</b>	<b>2003</b>	<b>2002</b>	<b>2001</b>
Starfsleyfi og endurnýjun á leyfum til að flytja inn og versla með skotvopn og skotfæri	16	6	12
Starfsleyfi fyrir skotvopnasafni	1	3	1
Starfsleyfi til að versla með skotelda	2	1	
Starfsleyfi til að flytja inn sprengiefni til eigin nota	1		
Starfsleyfi til að flytja inn og versla með sprengiefni	2		
Viðurkenning á skotiþróttafélagi	2	1	
Viðurkenning á litboltafélagi	1	1	
Innflutnings- og skammtimaskotvopnaleyfi fyrir útlendinga	102	140	117
Skammtimaleyfi til að flytja skotvopn á milli landa um Ísland	1	2	9
Skammt.leyfi til að flytja inn og nota vopn, eftirlíkingar og sprengiefni við kvikmyndagerð			2
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir vopnum og skotfærum til eigin nota	45	53	63
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir vopnum sem safngripum	2	2	2
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir skotvopn og skotfæri til endursölu (einstakar pantanir)	148	168	156
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn tímabundið	98	68	81
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn varanlega	11	21	10
Útflutningsleyfi fyrir keppnisboga og önnur vopn tímabundið	24	8	9
Heimild til að gefa leyfi fyrir skammbyssu vegna íþróttaskotfimi	18	28	20
Heimild til að gefa leyfi fyrir skammbyssu vegna atvinnu	3	4	9
Heimild til að gefa leyfi fyrir vopnum á vopnasafn	4	26	17
Heimild til að nýskrá eldri vopn sem ekki fundust á skrá	7	1	4
Umsókn um innflutning eða að eignast vopn synjað	25	5	8
Umsókn á endurnýjun leyfis til að versla með skotfæri synjað	1		
<b>Samtals</b>	<b>514</b>	<b>540</b>	<b>518</b>



Tafla 12 . Fjöldi innfluttra vopna og skotfæra á árunum 2001 til 2003

	Til endursölu	Til eigin nota	Heild 2003	Heild 2002	Heild 2001
Haglabyssur	453	18	471	561	1.148
Rifflar	437	20	457	327	290
Skammbyssur	11	1	12	16	13
Lofthbyssur	11	1	12	23	8
Litmerkibyssur		34	34*	89	26
Örvabogar				2	
Sverð				9	
Spjótsoddar				3	
Axir				4	
Skotfæri	2.190.350	7.780	2.198.130	1.749.435	2.367.871

\*Fyrir litboltafélög







